# Á R S S K Ý R S L A

# 2 0 0 3

Leikskólar Reykjavíkur

# ÁRSSKÝRSLA

# 2003

Leikskólar Reykjavíkur

# EFNISYFIRLIT

Leikskólaráð . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3
Helstu viðfangsefni árið 2003 . . . . 4
Rekstrarsvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6
Fjármál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6
Kjaramál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9
Rekstur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 9
Þjónusta . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 12
Fagsvið . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 17
Leikskólaráðgjöf . . . . . . . . . . . . . . . . 18
Starfsþróunardeild . . . . . . . . . . . . . . . 23
Sálfræðiþjónusta . . . . . . . . . . . . . . . . 25
Daggæsla barna í heimahúsum . . . . . . 27
Gæsluleikvellir . . . . . . . . . . . . . . . . . 28
Starfsfólk á skrifstofu . . . . . . . . . . 29
Leikskólar í Reykjavík . . . . . . . . . . . 30



Ábyrgðarmaður: Bergur Felixson
Ritstjórn: Jakobína Sveinsdóttir, Steinunn Hjartardóttir og Hildur Skarphéðinsdóttir
Umbrot/prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.
Letur: Officina Sans Book meginmál 8,5pt / 10pt
Pappír: Mediaprint s mattur 135 g

Myndir í ársskýrslunni tengjast þróunarverkefnum í leikskólunum Dvergasteini, Foldakoti og Lindarborg. Þróunarverkefni í Dvergasteini var **Samstarf myndlistarskóla og leikskóla.** Þróunarverkefnið í Foldakoti var **Málörvunaraðferð Irene Johansson.** Þróunarverkefni í Lindarborg var **Umhverfismennt fyrir leikskólabörn með áherslu á miðborgarleikskóla.**

# LEIKSKÓLARÁÐ

LEIKSKÓLARÁÐ

Samkvæmt samþykkt fyrir leikskólaráð, staðfest í borgarráði 7. nóvember 2002, sbr. einnig 9. gr. laga nr. 78/1994 skal ráðið skipað fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann úr hópi borgar- eða varaborgarfulltrúa. Ráðið er kosið til fjögurra ára.
Leikskólaráð sem starfar í umboði borgarráðs fer með stefnumótun í leikskólamálum og með málefni gæsluleikvalla, fjallar um samhæfingu þeirra úrræða sem völ er á við barnagæslu og forskólastarf í borginni. Einn fulltrúi starfsfólks leikskóla og einn fulltrúi foreldra leikskólabarna eiga rétt til setu á fundum leikskólaráðs með málfrelsi og tillögurétt.

**Á fundi borgarstjórnar 20. maí 2002 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir í leikskólaráð til loka kjörtímabilsins:**

| Aðalmenn | Varamenn |
|---|---|
| Þorlákur Björnsson, formaður | Nína Helgadóttir |
| Sigrún Elsa Smáradóttir | Guðný Magnúsdóttir |
| Björk Vilhelmsdóttir | Hrefna Guðmundsdóttir |
| Guðlaugur Þór Þórðarson | Tinna Traustadóttir |
| Jórunn Frímannsdóttir | Ívar Andersen |

Fulltrúi foreldra í leikskólaráði árið 2003 var Friðrik Arnar Bjarnason.
Fulltrúi starfsmanna árið 2003 var Sigrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri og til vara Ragnheiður Halldórsdóttir, leikskólastjóri.
Þá sátu fundina Bergur Felixson, framkvæmdastjóri, Margrét Vallý Jóhannsdóttir, sviðsstjóri fagsviðs, Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, fjármálastjóri og Garðar Jóhannsson, skrifstofustjóri, er ritaði fundargerðir.
Haldnir voru 16 stjórnarfundir á árinu 2003.



Leikskólabörn í Lindarborg.





# HELSTU VIÐFANGSEFNI ÁRIÐ 2003

*Bergur Felixson framkvæmdastjóri*

Árið 2003 jókst þjónustuframboð allnokkuð hjá Leikskólum Reykjavíkur vegna opnunar nýrra leikskóla og nýrra deilda við eldri leikskóla. Í árslok 2003 voru daglegar dvalarstundir barna rúmlega 45.700 þúsund og hefur hlutfall barna í heilsdagsvist aldrei verið hærra eða um 88%. Daglegur dvalartími barna í Leikskólum Reykjavíkur er að meðaltali rúmar 8 klukkustundir. Sömuleiðis hafa leikskólapláss aldrei verið fleiri. Við byrjun skólaárs haustið 2003 voru til pláss fyrir öll börn 2ja ára og eldri og í sumum hverfum var börnum yngri en tveggja ára boðið pláss í september. Ekki var þó unnt að sinna öllum sem héldu sig eingöngu við sinn hverfisskóla, borgin er stór og erfitt að koma til móts við þarfir allra, sérstaklega í nýrri hverfum borgarinnar.

HELSTU VIÐ-
FANGSEFNI
ÁRIÐ 2003

## Foreldrakannanir

Könnun meðal foreldra, sem gerð var vorið 2003, leiddi í ljós almenna ánægju með starf leikskólanna. Um 71% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með samstarf leikskóla við foreldra, 83% með námskrá og uppeldisstefnu og 89% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með foreldraviðtölin sem eru í boði í leikskólum. Er það umtalsvert hærra hlutfall en sett var sem markmið í starfsáætlun Leikskóla Reykjavíkur fyrir árið 2003.

Þá lét Reykjavíkurborg gera könnun (Gallup) um viðhorf borgarbúa til þjónustu á vegum borgarinnar og var hún greind niður á nokkrar stofnanir. Leikskólar Reykjavíkur hækkuðu mest frá síðustu könnun, sem gerð var árið 2001, eða frá 3.4 í 4.1 á skala 1 – 5.

Er ástæða til að þakka leikskólunum fyrir gott starf, sem almenningur í Reykjavík kann vel að meta. Leikskólaráð bókaði sérstakar þakkir til starfsfólks á fundi sínum 28. nóvember sl.

## Fjöldi starfsmanna í árslok 2003

Eftirfarandi er tafla yfir fjölda starfsmanna í árslok 2003, skipt eftir stéttarfélögum. Meðtaldar eru afleysingastöður og stöðugildi vegna sérkennslu.

Á launaskrá voru 1.810 starfsmenn í 1.517 stöðugildum, þar af 96 karlmenn.

| **Stöðugildi** | | |
|---|---|---|
| Efling – mánaðarlaun | | .834 |
| Efling - ákvæðisvinna (ræsting) | | .66 |
| Félag íslenskra leikskólakennara | | .423 |
| Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi | | .4 |
| Þroskaþjálfafélag Íslands | | .23 |
| Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar: . | | |
| Skrifstofa | .23 | |
| Gæslumenn leikvalla | .31 | |
| Starfsm. m/aðra fagmenntun | .101 | |
| Matreiðslumenn | .12 | .167 |
| **Samtals** | | **1.517** |

## Viðhorfskönnun starfsmanna

Viðhorfskönnun sem gerð var meðal starfsmanna haustið 2003 leiddi í ljós ánægju þeirra með vinnustað sinn og var þeim markmiðum, sem stofnunin setti sér, náð í nær öllum tilvikum. Sem dæmi má nefna að um 91% starfsmanna var mjög eða frekar ánægður með starf sitt, um 85% töldu starfsandann á vinnustað sínum vera mjög eða frekar góðan og 94% starfsmanna töldu að þeim væri mjög eða frekar vel treyst í starfi af yfirmanni sínum.

## Náms- og kynnisferð

Í september var 10 leikskólastjórum boðið í náms- og kynnisferð til Barcelona. Deildarstjóri leikskólakennaradeildar háskólans Autonome de Barcelona tók á móti hópnum og skipulagði kynningar- og skoðunarferðir. Ferðin var hin ánægjulegasta og mjög fróðleg, en skýrslu og upplýsingar um hana er að finna á bókasafni Leikskóla Reykjavíkur.

HELSTU VIÐFANGSEFNI ÁRIÐ 2003

## Námsleyfi

Fjórtán starfsmenn hlutu launað námsleyfi skólaárið 2003 – 2004, alls í 81 mánuð. Flestir þeirra stunduðu framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands.

## Gæsluleikvellir

Starfræktir voru 12 gæsluleikvellir á árinu 2003 og voru heimsóknir rúmlega 39 þúsund talsins, en það er um 62% heimsókna ársins 2002.

Vegna samdráttar í starfsemi gæsluleikvalla Reykjavíkurborgar var settur á laggirnar starfshópur haustið 2002 til að gera tillögur um framtíðarskipan gæsluleikvalla borgarinnar og voru tillögur hópsins samþykktar í júní 2003. Er gert ráð fyrir fækkun gæsluleikvalla, en að þó verði starfræktur gæsluleikvöllur í öllum hverfum borgarinnar.

Í nóvember samþykkti leikskólaráð lækkun á gjaldtöku á gæsluleikvöllum og kostar nú hver heimsókn 100 krónur.

## Þjónustumiðstöðvar

Á árinu var haldið áfram með skoðun og umræður um hugmyndir að þjónustumiðstöðvum og í árslok voru lagðar fram tillögur stýrihóps til stjórnkerfisnefndar, sem voru sendar leikskólaráði til umsagnar.

Fól ráðið starfsmönnum skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur að vinna umsögn um tillögur stýrihópsins. Tillögurnar gera annars vegar ráð fyrir fimm þjónustumiðstöðvum úti í hverfum borgarinnar og hins vegar að starfsemi aðalskrifstofu á fjölskyldu- og þróunarsviði sameinist í einni skrifstofu.

Áætlað er að stjórnkerfisnefnd skili tillögum sínum til borgarráðs í apríl 2004, að fengnum umsögnum fagnefnda.

## Nýir leikskólar – byggingaframkvæmdir

Fasteignastofa Reykjavíkurborgar hefur umsjón með byggingu og rekstri allra fasteigna borgarinnar og útleigu þeirra til stofnana.

Gengið var frá samningi um leigu á húsnæði leikskóla í janúar 2003 og leigja Leikskólar Reykjavíkur tæplega 40 þúsund fermetra af Fasteignastofu og um 2 þúsund fermetra af öðrum aðilum. Litlar breytingar eru á samskiptum og hlutverkum og er náin og góð samvinna við Fasteignastofu um nýbyggingu leikskóla og viðhald eldra húsnæðis eins og verið hefur.

Nýr þriggja deilda leikskóli, Bakki, að Bakkastöðum 77 í Staðahverfi var tekinn í notkun í nóvember. Bakki er 479 $m^2$ að stærð og byggður af S.G. húsum ehf. samkvæmt teikningu Dagnýjar Helgadóttur, arkitekts. Reiknað er með plássi fyrir 66 börn samtímis í skólanum. Ingibjörg E. Jónsdóttir var ráðinn leikskólastjóri við Bakka.

Færanlegar stofur voru settar upp við leikskólann Hof og leikskólann Maríuborg og bættust þá 18 heilsdagspláss við hvorn skóla. Þá voru hafnar framkvæmdir við tvo leikskóla sem taka til starfa á miðju ári 2004 og einnig viðbyggingu við Klettaborg sem tekin var í notkun í byrjun árs 2004.

### Kostnaður við framkvæmdir árið 2003

| Framkvæmdakostnaður | |
|---|---|
| Klettaborg, viðbygging | 23.378.000 |
| Endurbætur vegna eldvarnamála | 23.231.000 |
| Endurbygging leikskólalóða | 34.101.000 |
| Breytingar og endurbætur í leikskólum | 30.017.000 |
| Leikskólinn Bakki, Staðahverfi | 85.682.000 |
| Nýr Sólbakki v/ Stakkahlíð | 33.975.000 |
| Nýr leikskóli á Kjalarnesi | 41.689.000 |
| Leikskólinn Maríuborg | 41.585.000 |
| Hof, færanleg deild | 4.590.000 |
| Maríuborg, færanleg deild | 4.401.000 |
| **Samtals** | **322.649.000** |

## Leikskólar Reykjavíkur 25 ára

Árið 2003 voru 25 ár liðin frá því að Reykjavíkurborg tók yfir rekstur leikskóla af Barnavinafélaginu Sumargjöf. Í tilefni 25 ára afmælis Leikskóla Reykjavíkur var öllum börnum, foreldrum þeirra og aðstandendum boðið á afmælishátíð í Húsdýragarðinum 23. ágúst. Hátíðin tókst vel og aðsókn var framar öllum vonum enda veður gott.

Þá var og gefið út veglegt afmælisblað sem sent var öllum börnum í leikskólum borgarinnar.

# REKSTRARSVIÐ

REKSTRARSVIÐ

Rekstrarsvið samanstendur af fjórum megin deildum, þ.e. þjónustudeild, bókhalds- og innheimtudeild, launa- og kjaradeild og tæknideild.
Meginverkefni rekstrarsviðs er gerð starfs- og fjárhagsáætlunar stofnunarinnar, innritun leikskólabarna, bókhald, launaafgreiðsla, innheimta leikskólagjalda og umsjón með tölvu- og tæknimálum.
Starfsmenn á rekstrarsviði voru 21 á árinu 2003 og skiptu þannig með sér verkum: Fjármálastjóri hefur yfirumsjón með samhæfingu á sviðinu og stjórnar gerð fjárhagsáætlunar og eftirliti með henni. Þá er hann næsti yfirmaður launa- og kjaradeildar og tæknideildar. Fjárreiðustjóri er yfirmaður innheimtudeildar og bókhalds ásamt því að sjá um fjármálalega ráðgjöf til leikskólastjóra. Í launadeild voru þrír starfsmenn. Auk skrifstofustjóra sjá tveir starfsmenn um bókhald allra stofnana sem heyra undir Leikskóla Reykjavíkur. Þrír starfsmenn starfa við innheimtu leikskólagjalda ásamt greiðslu rekstrarstyrkja. Deildarstjóri þjónustudeildar hefur umsjón með upplýsinga- og kynningarmálum, auk þess að sjá um samræmingu innritunarmála ásamt tveimur öðrum starfsmönnum. Tveir starfsmenn vinna við símavörslu og móttöku viðskiptavina og tilheyra þeir þjónustudeild. Þá tilheyrir ritari framkvæmdastjóra sviðinu þrátt fyrir að hann sinni verkefnum tengdum öllum deildum. Tveir starfsmenn eru í tæknideildinni og sjá um innkaup og ráðgjöf á tölvu- og tæknibúnaði. Ræsting skrifstofunnar er í höndum tveggja einstaklinga.

# Fjármál

### Innheimta

Í byrjun árs 2003 var tekið í notkun nýtt viðskiptamannabókhald í Agresso. Með því eru viðskiptakröfurnar tengdar beint við fjárhagsbókhaldið og allt utanumhald mun auðveldara. Ýmsir vankantar hafa komið í ljós á nýja kerfinu, en jafnharðan hafa þeir verið slípaðir til og í dag virkar kerfið eins og til var ætlast í byrjun.

Samhliða innleiðingu nýs kerfis voru kröfurnar settar í kröfupott Reiknistofu bankanna og hafa viðbrögð foreldra verið mjög jákvæð.
Leikskólagjöld árið 2003 námu kr. 1223 milljónum og gjöld á gæsluleikvöllum kr. 7 milljónum.
Eins og áður er innheimtan unnin í samstarfi við SPRON sem sér um að senda út greiðsluseðla og milliinnheimta er áfram hjá Intrum Justitia.
Leikskólagjöld eru að stærstum hluta innheimt með heimsendum greiðsluseðlum. Í kjölfar þess að rafrænar greiðslur bjóðast nú öllum viðskiptavinum, óháð því hver þeirra viðskiptabanki er, hefur hlutur beingreiðslna aukist. Í dag er skipting milli rafrænna greiðslna og greiðsluseðla þannig að 56% voru innheimt með greiðsluseðlum og 44% með boð- eða beingreiðslum. Það mun áfram verða kappsmál að auka hlut rafrænna greiðslna í framtíðinni.

**Desember 2003 var skipting greiðsluseðla eftirfarandi**

| | Fjöldi seðla | Hlutfall |
|---|---|---|
| Greiðsluseðlar | 2986 | 56,14% |
| Greiðsluþj./beingreiðsla | 1423 | 26,75% |
| Boðgreiðslur | 910 | 17,11% |
| | 5319 | 100,00% |




Greiðslumöguleikar á leikskólagjöldum eru nú eftirfarandi: greiðsluseðill, boðgreiðsla, beingreiðsla og greiðsla í heimabanka.

REKSTRARSVIÐ

## Rekstrarstyrkir til einkaleikskóla

Umtalsverð breyting á rekstrarstyrkjum til einkarekinna leikskóla var samþykkt í borgarráði 21. október sl. Fyrir breytingu greiddi borgarsjóður að meðaltali um kr. 360 þúsund á ári fyrir hvert barn. Eftir breytingu fá þeir einkaleikskólar sem gera þjónustusamning greitt eftir aldri barna enda er kostnaður vegna yngstu barnanna mun meiri en þeirra eldri. Eftirfarandi eru meðaltalsgreiðslur borgarsjóðs með hverju barni í einkareknum leikskóla á ársgrundvelli út frá aldri barns.

| Aldur barns | Hlutur borgarsjóðs |
|---|---|
| að 18 mánaða | 180.000 |
| 18-24 mánaða | 632.420 |
| Tveggja ára | 498.165 |
| Þriggja ára | 397.474 |
| Fjögurra ára | 296.773 |
| Fimm ára | 229.656 |

Gerður hefur verið þjónustusamningur við 10 af 16 einkaleikskólum. Í þjónustusamningi við skólana er kveðið á um að gjaldtaka þeirra skuli í mesta lagi vera 15% hærri en gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur.

Börn í einkaleikskólum í árslok árið 2003 voru 632 og námu greiðslur vegna rekstrarstyrkja samtals kr. 230 milljónum og húsnæðisstyrkja kr. 25 milljónum.
Greitt er með börnum eftir hjúskaparstöðu foreldra.
Greiðslur til þeirra sem ekki hafa gert þjónustusamning námu í árslok kr. 24.350 með börnum giftra og sambúðarfólks og kr. 39.700 með börnum einstæðra foreldra og námsmanna sem báðir eru í námi og kr. 31.000 hjá foreldrum þar sem annað er í námi. Veittur er systkinaafsláttur og nemur hann kr. 5.000 miðað við heilsdagsvistun á systkin umfram eitt.

## Breytingar á reglum um stofn- og húsnæðisstyrki til einkaleikskóla

Eftirfarandi reglur voru samþykktar í leikskólaráði 17. október 2003.

1. Stofnstyrkir verði aflagðir.
2. Í stað stofnstyrkja komi húsnæðisstyrkir, sem reiknast á reykvísk börn í viðkomandi skóla og miðast að hámarki við 7 m$^2$ á hvert barn.
3. Húsnæðisstyrkir hækka fyrir þá skóla sem ekki hafa fengið stofnstyrk eða úr kr. 426 á m$^2$ í kr. 850. Er það sama upphæð og Leikskólar Reykjavíkur greiða í húsaleigu fyrir leikskóla borgarinnar.
4. Þeir aðilar sem fengið hafa stofnstyrk, sem ekki er afskrifaður samkvæmt 10 ára afskriftareglunni, hafa ekki rétt til hærri húsnæðisstyrkja fyrr en afskriftinni er lokið.
5. Skilyrði fyrir húsnæðisstyrk er að fyrir liggi samþykktur þjónustusamningur.

**Börn í einkareknum leikskólum með rekstrarstyrk frá Reykjavíkurborg í des. 2003.**

| Leikskóli | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | Fjöldi barna samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ós | 2 | 6 | 4 | 7 | 1 | | 20 |
| Höfn | 4 | 6 | 3 | 7 | 2 | | 22 |
| Skerjagarður | 2 | 9 | 8 | 9 | 10 | | 38 |
| Sólstafir | 6 | 5 | 7 | 8 | 1 | | 27 |
| Regnboginn | | | 4 | 16 | 28 | 3 | 51 |
| Vinaminni | 4 | 4 | 9 | 7 | 14 | 1 | 39 |
| Listakot | | | 1 | 2 | 10 | 2 | 15 |
| Fossakot | 8 | 15 | 10 | 15 | 21 | 4 | 73 |
| Korpukot | | 1 | 14 | 16 | 29 | 3 | 63 |
| Vinagerði | | 1 | 10 | 27 | 18 | 2 | 58 |
| Kfum og K | 13 | 13 | 15 | 16 | 1 | | 58 |
| Sælukot | 4 | 7 | 6 | 5 | 3 | | 25 |
| Kjarrið | 3 | | 1 | 2 | | | 6 |
| Sólgarður | | | | | 36 | 12 | 48 |
| Lundur | | | | 3 | 22 | 3 | 28 |
| Olgukot | | | | | 28 | 2 | 30 |
| Ylur | 1 | 2 | 1 | 1 | | | 5 |
| Undraland | | 3 | | 1 | 1 | | 5 |
| Efrihlíð | | | | 1 | 15 | 2 | 18 |
| Hjallastefnan | 1 | | | 1 | | | 2 |
| Krummakot | | | | 1 | | | 1 |
| **Samtals í des. 03** | **48** | **72** | **93** | **145** | **240** | **34** | **632** |

REKSTRARSVIÐ



Leikskólabörn í Lindarborg.

## Þróun rekstrarstyrkja til einkarekinna leikskóla

Giftir og sambúðarfólk fengu frá árinu 1988 greidd 50% af fjögurra stunda vistun samkvæmt gjaldskrá leikskóla hvort sem barnið var 4 eða 9 stundir. Upphæðin var kr. 6.000 þar til árið 1995 þegar rekstrarstyrkurinn var hækkaður í kr. 12.000 fyrir 2ja ára og yngri og kr. 16.000 fyrir 3ja ára og eldri. Frá og með 1. júlí 1997 var síðan ákveðið að styrkurinn yrði kr. 16.000 fyrir alla aldurshópa.

Árið 1995 er ákveðið að greiða sama rekstrarstyrk vegna barna foreldra sem báðir eru í námi og greitt er vegna barna einstæðra foreldra.

Árið 1998 hækkaði styrkurinn í kr. 18.000 fyrir gifta og sambúðarfólk og kr. 32.000 fyrir einstæða og námsmenn sem báðir voru í námi. Fram til þess tíma hafði fjárhæð rekstrarstyrks vegna barna einstæðra foreldra numið kr. 30.000. Árið 2000 var styrkurinn kr. 19.850 fyrir gifta og sambúðarfólk og kr. 34.000 kr. fyrir einstæða. Árið 2001 hækkaði styrkurinn í kr. 24.350 fyrir gifta og 39.700 fyrir einstæða. Í upphafi sama árs bættist við systkinaafsláttur kr. 5.000 með hverju systkini. Árið 2002 var tekið upp námsmannagjald þar sem annað foreldri er í námi og nemur það kr. 31.000 á mánuði miðað við heilsdagsvistun.

## Niðurgreiðslur vegna daggæslu í heimahúsi

Börnum hjá dagforeldrum hefur fækkað umtalsvert enda uppbygging leikskóla í fullum gangi. Á árinu voru um 890 börn hjá 193 dagforeldrum, en á árinu 2001 voru þau ríflega 1400.

Greitt er með börnum eftir hjúskaparstöðu foreldra og nam greiðslan í árslok kr. 13.200 með börnum giftra og sambúðarfólks og kr. 24.800 hjá einstæðum foreldrum og námsmönnum (báðir foreldrar í námi). Þar sem annað foreldri er í námi nam greiðslan kr. 16.800. Framangreindar niðurgreiðslur eru miðaðar við 8 stunda vistun.

Árið 2003 námu niðurgreiðslur vegna daggæslu í heimahúsum kr. 157 milljónum.

# Kjaramál

Hjá Leikskólum Reykjavíkur er starfandi sérhæfð launadeild með þremur launafulltrúum sem sjá um útreikning launa allra starfsmanna stofnunarinnar, rúmlega 1800 talsins. Auk þess að reikna út laun veita launafulltrúar leikskólastjórum ráðgjöf og upplýsingar um efni kjarasamninga.
Nýtt launa- og starfsmannakerfi, Oracle, var tekið í notkun í ársbyrjun. Óhætt er að segja að miklir byrjunarörðugleikar hafi komið upp sem reyndu mikið á starfsmenn launadeildar.

## Heildarlaunagreiðslur

Launagreiðslur á árinu námu í heildina tæplega 3,4 milljörðum.



Leikskólabörn í Lindarborg.

REKSTRARSVIÐ

# Rekstur

## Bókhald

Bókhaldskerfið Agresso er notað við færslu bókhalds og miðlun bókhaldsupplýsinga. Allir reikningar hinna ýmsu eininga eru móttökuskráðir og bókaðir til greiðslu af starfsfólki bókhalds. Eins og áður er unnið með Innkaupastofnun Reykjavíkur að útboðum og verðkönnunum til að ná fram sem hagstæðustum innkaupum.

**Meðalkostnaður fyrir leikskólapláss á árinu 2003 að meðtöldum sameiginlegum kostnaði**

| | Með leigu | Án leigu |
|---|---|---|
| 5 stundir án hádegismatar | 371.627 | 336.032 |
| 6 stundir með hádegismat | 534.688 | 483.475 |
| 8,5 stundir með fæði | 758.423 | 685.779 |

**Gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur gildir 1/1 2003 – 31/12 2003**

| Klst. | Gjald I | Gjald II | Gjald III |
|---|---|---|---|
| 4 | 12.000 | 9.900 | 9.700 |
| 5 | 18.300 | 11.800 | 10.900 |
| 6 | 21.200 | 14.000 | 12.000 |
| 8 | 27.000 | 20.400 | 13.900 |
| 9 | 29.900 | 21.500 | 15.300 |

Gjald I greiða giftir foreldrar og sambúðarfólk
Gjald II greiða foreldrar þar sem annað foreldri er í námi eða er öryrki
Gjald III greiða einstæðir foreldrar, foreldrar sem báðir eru í námi eða báðir foreldrar eru öryrkjar
Systkinaafsláttur er 33% með 2. barni og 75% með 3. og 4. barni
Matur og hressing er innifalin í öllum gjaldflokkum hér að ofan nema í 4 tímum í gjaldflokki I

## Tölvu- og tæknimál

Meginverkefni tæknideildar er notendaþjónusta við alla tölvunotendur stofnunarinnar, á um það bil 450 starfsstöðvum. Meðal verkefna er einnig þarfagreining vél- og hugbúnaðar á skrifstofu og öllum leikskólunum, gerð verðkannana og umsjón með tölvum og tölvutengdum búnaði stofnunarinnar.
Lokið var við að tengja alla leikskólana með ADSL tengingu í byrjun árs.
Í lok ársins var byrjað að tengja staðarnet á 5 leikskólum og eru allar tölvur á þeim nú nettengdar. Um er að ræða nýlega leikskóla þar sem tölvulagnir voru fyrir hendi. Áætlað er að vinnu við að tengja leikskólana ljúki á árinu 2004.
Farið var í útboð á tölvum í október. Keyptar voru 110 tölvur og voru 70 ætlaðar á starfsmannaaðstöðu leikskólanna og 40 inn á deildir fyrir elstu börnin.
Í nóvember var byrjað að þróa nýja útgáfu af Dvöl, sem er kerfi sem heldur utanum biðlista og vistanir á leikskólunum. Áætlað er að Dvöl 2.0 verði tekið í notkun í byrjun ársins 2004.
Innleiðingu á forritinu Stundvísi var haldið áfram á árinu. Í lok árs voru 46 leikskólar komnir með forritið og verður innleiðingu lokið í byrjun árs 2004.

## REKSTRARKOSTNAÐUR LEIKSKÓLA REYKJAVÍKUR ÁRIN 2000 - 2003

*Tölur eru í þúsundum króna.*

| | | Árið 2003* | Árið 2002 | Árið 2001 | Árið 2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| **GJÖLD:** | | | | | |
| Leikskólar 4-9 stundir | | **3.605.614** | 3.371.436 | 3.099.097 | 2.588.350 |
| Sameiginlegur kostnaður (skrifst.) | | **129.544** | 119.141 | 104.971 | 88.770 |
| Börn með sérþarfir | | **180.699** | 160.606 | 147.211 | 106.220 |
| **Alls vegna leikskóla** | | **3.915.858** | **3.651.183** | **3.351.279** | **2.783.340** |
| Niðurgreidd daggæsla á einkaheimilum | | **157.298** | 180.591 | 192.334 | 187.024 |
| Umsjón með daggæslu á einkaheimilum | | **37.013** | 34.040 | 29.992 | 25.363 |
| Rekstrarstyrkir til annarra leikskóla | | **255.408** | 232.591 | 171.130 | 127.162 |
| Stofnstyrkir til einkarekinna leikskóla | | **8.729** | 64.173 | | |
| Styrkir | | **10.414** | 10.363 | 8.599 | 16.612 |
| Gæsluleikvellir | | **98.932** | 100.303 | 126.531 | 121.015 |
| Samtals | | **4.483.651** | 4.273.244 | 3.879.865 | 3.260.516 |
| **TEKJUR:** | | | | | |
| Greitt úr borgarsjóði til leikskóla | | **2.692.447** | 2.553.487 | 2.402.732 | 1.884.513 |
| Greiðslur frá sveitarfélögum | | **3.257** | | | |
| Leikskólagjöld | | **1.220.153** | 1.097.696 | 948.547 | 898.827 |
| **Alls vegna leikskóla** | | **3.915.858** | **3.651.183** | **3.351.279** | **2.783.340** |
| Gæsluleikvellir - borgarsjóður | 91.775 | | | | |
| Gæsluleikvellir - dvalargjöld | 7.157 | **98.932** | 100.303 | 126.531 | 121.015 |
| Borgarsjóður vegna annarrar daggæslu/styrkja | | 468.862 | 521.758 | 402.055 | 356.161 |
| | | **4.483.651** | 4.273.244 | 3.879.865 | 3.260.516 |

* Án innri leigu vegna samanburðar milli ára

REKSTRARSVIÐ




### Skipting rekstrarkostnaðar 2003

| | |
|---|---|
| Rekstur leikskóla | 3.605.614 |
| Rekstur gæsluleikvalla | 98.932 |
| Börn með sérþarfir | 180.699 |
| Sameiginlegur rekstrarkostnaður | 129.544 |
| Rannsóknar- og þróunarstyrkir | 10.414 |
| Rekstrarstyrkir til einkarekinna leikskóla | 255.408 |
| Stofnstyrkir til einkarekinna leikskóla | 8.729 |
| Styrkir vegna daggæslu í heimahúsum | 194.311 |
| **Samtals** | **4.483.651** |

REKSTRARSVIÐ

## Kostnaður og endurgreiðslur leikskóla árið 2003

| | Fjöldi dvalarstunda á dag | Framlag borgarsjóðs | Leikskóla gjöld | Alls | Hlutfall leikskólagjalda af rekstrarkostnaði með innri leigu | Innri leiga | Alls án innri leigu | Hlutfall leikskólagjalda af rekstrarkostnaði án innri leigu |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Arnarborg | 570 | 35.777.306 | 13.767.790 | 49.545.096 | 28% | 4.742.400 | 44.802.696 | 31% |
| Austurborg | 797 | 47.181.350 | 21.996.301 | 69.177.651 | 32% | 8.380.800 | 60.796.851 | 36% |
| Álftaborg | 501 | 29.357.931 | 13.825.232 | 43.183.163 | 32% | 3.686.400 | 39.496.763 | 35% |
| Árborg | 545 | 29.895.239 | 14.495.564 | 44.390.803 | 33% | 4.550.400 | 39.840.403 | 36% |
| Ásborg | 1024 | 53.832.152 | 28.718.474 | 82.550.625 | 35% | 11.904.000 | 70.646.625 | 41% |
| Bakkaborg | 984 | 57.149.338 | 23.900.868 | 81.050.206 | 29% | 7.536.000 | 73.514.206 | 33% |
| Barónsborg | 284 | 18.581.511 | 7.582.503 | 26.164.014 | 29% | 2.716.800 | 23.447.214 | 32% |
| Blásalir | 751 | 38.364.068 | 19.983.187 | 58.347.255 | 34% | 6.804.000 | 51.543.255 | 39% |
| Brákaborg | 428 | 25.198.284 | 11.936.847 | 37.135.131 | 32% | 3.648.000 | 33.487.131 | 36% |
| Brekkuborg | 711 | 36.181.135 | 20.201.617 | 56.382.752 | 36% | 5.810.400 | 50.572.352 | 40% |
| Drafnarborg | 286 | 14.848.036 | 7.849.124 | 22.697.160 | 35% | 2.054.400 | 20.642.760 | 38% |
| Dvergasteinn | 543 | 31.142.329 | 15.568.039 | 46.710.368 | 33% | 4.827.600 | 41.882.768 | 37% |
| Engjaborg | 751 | 40.270.448 | 17.838.361 | 58.108.809 | 31% | 6.253.200 | 51.855.609 | 34% |
| Fálkaborg | 504 | 34.980.110 | 13.303.424 | 48.283.534 | 28% | 4.137.600 | 44.145.934 | 30% |
| Fellaborg | 446 | 27.613.730 | 10.028.750 | 37.642.480 | 27% | 3.225.600 | 34.416.880 | 29% |
| Fífuborg | 729 | 33.585.469 | 19.717.223 | 53.302.692 | 37% | 6.253.200 | 47.049.492 | 42% |
| Foldaborg | 541 | 31.786.633 | 14.121.839 | 45.908.472 | 31% | 4.870.800 | 41.037.672 | 34% |
| Foldakot | 388 | 23.427.170 | 11.153.890 | 34.581.060 | 32% | 4.071.600 | 30.509.460 | 37% |
| Funaborg | 468 | 24.263.406 | 12.794.671 | 37.058.077 | 35% | 4.687.200 | 32.370.877 | 40% |
| Furuborg | 550 | 28.936.074 | 16.467.026 | 45.403.100 | 36% | 5.756.400 | 39.646.700 | 42% |
| Garðaborg | 445 | 25.296.418 | 12.868.601 | 38.165.019 | 34% | 3.600.000 | 34.565.019 | 37% |
| Grandaborg | 525 | 32.796.097 | 14.001.403 | 46.797.500 | 30% | 4.243.200 | 42.554.300 | 33% |
| Grænaborg | 697 | 35.186.229 | 19.128.081 | 54.314.310 | 35% | 0 | 54.314.310 | 35% |
| Gullborg | 667 | 33.522.380 | 17.882.699 | 51.405.079 | 35% | 5.810.400 | 45.594.679 | 39% |
| Hagaborg | 832 | 44.810.391 | 24.233.448 | 69.043.839 | 35% | 9.774.000 | 59.269.839 | 41% |
| Hamraborg | 716 | 43.228.720 | 18.145.009 | 61.373.729 | 30% | 7.065.600 | 54.308.129 | 33% |
| Hamrar | 910 | 43.291.312 | 25.948.604 | 69.239.916 | 37% | 7.334.400 | 61.905.516 | 42% |
| Hálsaborg | 527 | 29.072.408 | 13.566.150 | 42.638.558 | 32% | 4.137.600 | 38.500.958 | 35% |
| Hálsakot | 435 | 26.969.715 | 12.578.849 | 39.548.564 | 32% | 4.050.000 | 35.498.564 | 35% |
| Heiðarborg | 706 | 37.524.766 | 19.985.676 | 57.510.442 | 35% | 5.810.400 | 51.700.042 | 39% |
| Hlíðaborg | 418 | 23.454.421 | 11.864.707 | 35.319.128 | 34% | 3.724.800 | 31.594.328 | 38% |
| Hlíðarendi | 196 | 17.780.093 | 4.530.578 | 22.310.671 | 20% | 2.035.200 | 20.275.471 | 22% |
| Hof | 905 | 38.814.584 | 22.000.225 | 60.814.809 | 36% | 6.912.000 | 53.902.809 | 41% |
| Holtaborg | 541 | 31.301.543 | 14.847.062 | 46.148.605 | 32% | 4.512.000 | 41.636.605 | 36% |
| Hólaborg | 584 | 33.770.140 | 14.657.171 | 48.427.311 | 30% | 5.328.000 | 43.099.311 | 34% |
| Hraunborg | 607 | 35.866.828 | 14.492.064 | 50.358.892 | 29% | 4.848.000 | 45.510.892 | 32% |
| Hulduheimar | 767 | 37.642.311 | 19.945.349 | 57.587.660 | 35% | 6.750.000 | 50.837.660 | 39% |
| Jöklaborg | 943 | 49.191.047 | 24.772.159 | 73.963.206 | 33% | 8.110.800 | 65.852.406 | 38% |
| Jörfi | 859 | 45.900.775 | 24.718.482 | 70.619.257 | 35% | 8.017.200 | 62.602.057 | 39% |
| Kátakot | 302 | 14.593.526 | 5.892.950 | 20.486.476 | 29% | 0 | 20.486.476 | 29% |
| Klambrar | 737 | 48.804.616 | 17.936.976 | 66.741.592 | 27% | 6.544.800 | 60.196.792 | 30% |
| Klettaborg | 701 | 26.723.740 | 15.402.605 | 42.126.345 | 37% | 4.741.200 | 37.385.145 | 41% |
| Kvarnarborg | 540 | 30.447.896 | 13.950.943 | 44.398.839 | 31% | 5.389.200 | 39.009.639 | 36% |
| Kvistaborg | 547 | 24.245.796 | 17.009.844 | 41.255.640 | 41% | 4.732.800 | 36.522.840 | 47% |
| Laufásborg | 810 | 54.995.769 | 20.965.096 | 75.960.865 | 28% | 9.957.600 | 66.003.265 | 32% |
| Laufskálar | 744 | 39.862.221 | 19.657.350 | 59.519.571 | 33% | 6.912.000 | 52.607.571 | 37% |
| Laugaborg | 839 | 46.676.910 | 22.783.521 | 69.460.431 | 33% | 8.467.200 | 60.993.231 | 37% |
| Leikgarður | 579 | 36.928.247 | 12.615.835 | 49.544.082 | 25% | 4.407.480 | 45.136.602 | 28% |
| Lindarborg | 516 | 33.522.736 | 14.164.945 | 47.687.681 | 30% | 5.443.200 | 42.244.481 | 34% |
| Lyngheimar | 748 | 33.260.641 | 21.467.652 | 54.728.293 | 39% | 6.771.600 | 47.956.693 | 45% |
| Lækjarborg | 532 | 28.030.059 | 14.679.634 | 42.709.693 | 34% | 4.512.000 | 38.197.693 | 38% |
| Maríuborg | 915 | 39.611.416 | 20.903.912 | 60.515.328 | 35% | 7.117.200 | 53.398.128 | 39% |
| Mánagarður | 542 | 35.637.241 | 11.604.335 | 47.241.576 | 25% | 4.041.576 | 43.200.000 | 27% |
| Múlaborg | 660 | 45.106.753 | 18.442.860 | 63.549.613 | 29% | 8.380.800 | 55.168.813 | 33% |
| Mýri | 342 | 25.600.979 | 9.530.171 | 35.131.150 | 27% | 4.654.800 | 30.476.350 | 31% |
| Njálsborg | 432 | 28.568.041 | 10.312.099 | 38.880.140 | 27% | 4.503.600 | 34.376.540 | 30% |
| Nóaborg | 568 | 29.402.697 | 15.143.517 | 44.546.214 | 34% | 4.849.200 | 39.697.014 | 38% |
| Rauðaborg | 529 | 27.742.252 | 14.445.911 | 42.188.163 | 34% | 4.827.600 | 37.360.563 | 39% |
| Rofaborg | 687 | 39.519.964 | 18.747.235 | 58.267.199 | 32% | 5.414.400 | 52.852.799 | 35% |
| Seljaborg | 492 | 28.854.874 | 12.433.356 | 41.288.230 | 30% | 3.465.600 | 37.822.630 | 33% |
| Seljakot | 493 | 29.475.204 | 13.391.654 | 42.866.858 | 31% | 3.868.800 | 38.998.058 | 34% |
| Sjónarhóll | 561 | 32.677.405 | 15.505.274 | 48.182.679 | 32% | 5.043.600 | 43.139.079 | 36% |
| Skógarborg | 265 | 17.368.025 | 8.700.410 | 26.068.435 | 33% | 0 | 26.068.435 | 33% |
| Sólbakki | 388 | 19.916.566 | 7.981.622 | 27.898.188 | 29% | 0 | 27.898.188 | 29% |
| Sólborg | 588 | 37.730.476 | 15.218.434 | 52.948.910 | 29% | 6.102.000 | 46.846.910 | 32% |
| Sólhlíð | 759 | 41.093.594 | 19.908.550 | 61.002.144 | 33% | 6.662.400 | 54.339.744 | 37% |
| Stakkaborg | 630 | 37.524.928 | 16.582.385 | 54.107.313 | 31% | 5.626.800 | 48.480.513 | 34% |
| Steinahlíð | 259 | 13.439.613 | 7.431.718 | 20.871.331 | 36% | 0 | 20.871.331 | 36% |
| Suðurborg | 1025 | 62.397.835 | 25.849.222 | 88.247.057 | 29% | 8.860.800 | 79.386.257 | 33% |
| Sunnuborg | 752 | 40.958.246 | 21.346.666 | 62.304.913 | 34% | 7.440.000 | 54.864.913 | 39% |
| Sæborg | 698 | 39.098.646 | 19.475.822 | 58.574.468 | 33% | 6.102.000 | 52.472.468 | 37% |
| Tjarnarborg | 376 | 23.776.479 | 10.062.555 | 33.839.034 | 30% | 3.513.600 | 30.325.434 | 33% |
| Vesturborg | 608 | 33.830.916 | 16.166.876 | 49.997.792 | 32% | 5.280.000 | 44.717.792 | 36% |
| Völvuborg | 473 | 30.605.679 | 10.846.549 | 41.452.228 | 26% | 4.204.800 | 37.247.428 | 29% |
| Ægisborg | 695 | 40.106.780 | 17.504.321 | 57.611.101 | 30% | 5.702.400 | 51.908.701 | 34% |
| Öldukot | 362 | 22.543.552 | 9.051.676 | 31.595.228 | 29% | 0 | 31.595.228 | 29% |
| Ösp | 521 | 36.650.730 | 10.543.580 | 47.194.310 | 22% | 4.137.600 | 43.056.710 | 24% |
| Bakki | 562 | 219.632 | 1.078.219 | 1.297.851 | | 0 | 1.297.851 | |
| **Alls** | **46296** | **2.605.342.580** | **1.220.153.328** | **3.825.495.907** | **32%** | **395.659.056** | **3.429.836.851** | **36%** |
| Sameiginlegur kostnaður leikskóla | | 168.054.517 | | 168.054.517 | | 0 | 168.054.517 | |
| Greiðslur til og frá sveitarfél. | | -3.257.389 | | -3.257.389 | | 0 | -3.257.389 | |
| Nýjar leikskóladeildir | | 10.980.388 | | 10.980.388 | | 0 | 10.980.388 | |
| Skrifstofukostn., auglýs.,tryggingar ofl. | | 129.543.890 | | 129.543.890 | | 0 | 129.543.890 | |
| **Samtals** | | **2.910.663.986** | **1.220.153.328** | **4.130.817.313** | **29,5%** | **395.659.056** | **3.735.158.257** | **32,7%** |
| Börn með sérþarfir | | 180.699.463 | | 180.699.463 | | 0 | 180.699.463 | |
| | | **3.091.363.449** | **1.220.153.328** | **4.311.516.776** | **28,3%** | **395.659.056** | **3.915.857.720** | **31,2%** |

# Þjónusta

## Verksvið

Starfsmenn þjónustu- og upplýsingadeildar annast þjónustu við foreldra og leikskóla vegna innritunar í leikskóla og veita almennar upplýsingar um þjónustu Leikskóla Reykjavíkur. Í verkahring deildarinnar er umsjón með afgreiðslu, símavörslu á skrifstofu og umsjón með upplýsinga- og kynningarmálum stofnunarinnar.

Starfsmenn þjónustudeildar á skrifstofu eru 5. Þjónustustjóri hefur umsjón með daglegri verkstjórn, samráði við aðrar deildir og skýrslugerð, auk þess sem hann hefur yfirumsjón með upplýsinga- og kynningarmálum stofnunarinnar.



Leikskólanemi í Dvergasteini

**Leikskóla- og dagvist barna á aldrinum 1 - 5 ára í Reykjavík um áramót 2003/2004**

| Árgangur | 1998 5 ára* | 1999 4ra ára | 2000 3 ára | 2001 2 ára | 2002 1 árs | Alls | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskólar borgarinnar | 1.350 | 1.384 | 1.481 | 1.310 | 285 | 5.810 | 73% |
| Einkareknir leikskólar | 48 | 72 | 93 | 145 | 218 | 576 | 7% |
| Dagforeldrar | 4 | 3 | 8 | 77 | 642 | 734 | 9% |
| Utan dagvistar | 147 | 73 | 81 | 107 | 471 | 879 | 11% |
| Fjöldi barna 1-5 ára des. 2003 | 1.549 | 1.532 | 1.663 | 1.639 | 1.616 | 7.999 | 100,00% |
| Hlutf. barna í leikskólum | 90,25% | 95,04% | 94,65% | 88,77% | 31,13% | 79,83% | |
| Hlutf. barna í leikskólum og dagv. | 90,51% | 95,23% | 95,13% | 93,47% | 70,85% | 89,01% | |

*Ath. Fimm ára börn í Ísaksskóla og Landakotsskóla alls 112 eru ekki meðtalin

Tveir móttökuritarar í afgreiðslu sjá um símavörslu og móttöku á skrifstofu. Tveir starfsmenn sjá um innritun í leikskóla og að upplýsa foreldra um stöðu biðlista í hverjum leikskóla. Auk þess sinna tveir þjónustufulltrúar í einu og hálfu stöðugildi, innritunarmálum og upplýsingamiðlun vegna umsókna um leikskóla, annars vegar í Miðgarði fyrir leikskólana í Grafarvogi og hinsvegar í Vesturgarði fyrir leikskólana í Vesturbæ. Þjónustufulltrúar í Miðgarði og Vesturgarði eru í nánu samstarfi við þjónustufulltrúa og þjónustustjóra Leikskóla Reykjavíkur og haldnir eru reglulegir samráðsfundir.



ÞJÓNUSTA

## Afgreiðsla

Tekið er á móti umsóknum um leikskóladvöl í afgreiðslu skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur og í leikskólunum. Einnig er hægt að sækja um leikskóladvöl á heimsíðu Leikskóla Reykjavíkur www.leikskolar.is, en 73% allra umsókna berast Leikskólum Reykjavíkur rafrænt.

Heildarfjöldi umsókna á árinu 2003 voru 2065, en þar af bárust 354 umsóknir í leikskólana í Grafarvogi og 327 umsóknir í leikskólana í Vesturbæ.

**Fjöldi barna 0-5 ára í Reykjavík, fjöldi umsókna og fjöldi nývistaðra barna**

| Ártal | 0-5 ára | Umsóknir | Vistun |
|---|---|---|---|
| 1998 | 9.952 | 2.149 | 1.951 |
| 1999 | 9.827 | 2.182 | 2.289 |
| 2000 | 9.827 | 2.169 | 1.611 |
| 2001 | 9.874 | 2.070 | 2.542 |
| 2002 | 9.507 | 2.197 | 2.150 |
| 2003 | 9.632 | 2.065 | 2.384 |

Taflan sýnir fjölda nýrra umsókna og fjölda nývistaðra barna í leikskólunum síðastliðin 6 ár. Hún sýnir einnig fjölda barna 0-5 ára að aldri í Reykjavík á þessum árum.

Fjöldi innhringinga í skiptiborð var 57.088. Hluti símhringinga fer í gegnum beinan síma starfsfólks en ekki í gegnum skiptiborð. Heildarfjöldi inn- og úthringinga frá skrifstofu á árinu var 146.582 og er það fækkun um rúmlega 11.000 símhringingar á milli ára.

Fyrirspurnum í gegnum tölvupóst fjölgar stöðugt og hefur það áhrif á fjölda inn- og úthringinga.

## Innritun

Innritun barna í leikskóla á sér aðallega stað yfir sumartímann, en þá yfirgefa elstu börnin leikskólann og hefja grunnskólanám.

Nývistanir á árinu voru 2.384 börn. Hægt var að bjóða flestum börnum tveggja ára og eldri leikskólavist með undantekningu frá börnum í nýju hverfunum sem hafa enn þá ekki næg leikskólarými fyrir öll börnin. Reynt var að bjóða þessum börnum leikskóladvöl í öðrum leikskólum í nærliggjandi hverfum. Í rótgrónari hverfum, svo sem Vesturbæ, Miðbæ og Hlíðum var yngri en tveggja ára börnum boðið upp á leikskóladvöl, en í lok ársins voru alls 285 börn fædd 2002, þ.e. yngri en 2ja ára byrjuð í leikskóla.

## Kynningamál

Kynningarhópur sem samanstendur af fulltrúum mismunandi deilda á skrifstofu og leikskóla leggur fram tillögur að kynningarmálum stofnunarinnar. Helstu verkefni í kynningarmálum voru:

### *Vefsíða*

Á vefsíðu Leikskóla Reykjavíkur er að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi leikskólanna. Þar er einnig hægt að sækja um leikskóladvöl og störf hjá stofnuninni. Á árinu var lögð mikil vinna og fjármagn í að endurhanna vefsíðuna. Lögð var áhersla á að þýða yfir á ensku grundvallar upplýsingar fyrir erlenda foreldra sem hafa hug á að sækja um leikskóladvöl fyrir börn sín í Reykjavík. Á vefsíðunni er nú að finna upplýsingaefni um leikskólann á 10 mismunandi tungumálum.

Á heimasíðu er boðið upp á að senda inn fyrirspurnir og ábendingar til Leikskóla Reykjavíkur og hefur orðið aukning á fjölda fyrirspurna sem berast skrifstofu með þeim hætti. Rafrænar fyrirspurnir á árinu voru um 600.

### *Innri vefur*

Í október var innri vefur Leikskóla Reykjavíkur opnaður, en stofnunin tekur þátt í tilraunarverkefni um sameiginlegan innri vef stofnana Reykjavíkurborgar. Markmið með innri vef er að halda betur utan um handbækur og verkferla sem og auðvelda starfsfólki aðgengi að eyðublöðum, fréttum og öðru efni sem nýtist í daglegu starfi.

Einnig stuðlar sameiginlegur innri vefur að auknu samráði og samstarfi starfsmanna ólíkra stofnana Reykjavíkurborgar.

### *Stundvísi*

Búið er að tengja forritið Stundvísi í flesta leikskóla og hafa starfsmenn fengið kennslu í notkun þess. Munu margir leikskólar nýta sér Stundvísi sem heimasíðu, en stefnt er að því að leikskólar geti einnig sett upp eigin heimasíðu tengda vefsvæði Leikskóla Reykjavíkur.

### *Afmæli Leikskóla Reykjavíkur*

Í tilefni af 25 ára afmæli Leikskóla Reykjavíkur var gefið út veglegt afmælisrit.

Í ritinu var dregin upp mynd af hinu fjölbreytta og litríka starfi sem fram fer hjá stofnuninni, í leikskólum, á gæsluleikvöllum og hinum ýmsu deildum á skrifstofu. Afmælisritinu var dreift til foreldra leikskólabarna, starfsmanna Leikskóla Reykjavíkur og samstarfsstofnana.

Í ágúst var haldin fjölmenn hátíð í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í tilefni afmælisins. Leikskólabörnum og fjölskyldum þeirra var boðið í garðinn og var margt til skemmtunar. Þótti afmælishátíðin takast mjög vel.

### *Móttaka gesta*

Móttaka gesta er vaxandi þáttur í starfseminni. Sérstök móttökustjórn tekur á móti óskum um heimsóknir og skipuleggur kynningar á starfseminni fyrir bæði innlenda og erlenda gesti. Flestir erlendu hóparnir komu frá Norðurlöndum og kom t.d. 25 manna hópur frá landssamtökum dagvistarstofnana í Danmörku í sept. sl.



Leikskólabörn í Dvergasteini



**Börn á skrá um leikskóladvöl áramótin 2003/2004**

| Hverfi | Börn 1 - 5 ára í hverfi | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | Alls | Alls 18 mán og eldri * | Alls bið eftir hálfsdagsplássi | Hlutfall 1-5 ára barna á biðlista í hverfi | Hlutfall m.v. 18 mánaða |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1,1 Gamli Vesturbær | 348 | 0 | 0 | 0 | 2 | 40 | **42** | **8** | 5 | 12% | 2% |
| 1,2 Vesturbær-syðri | 752 | 0 | 1 | 2 | 1 | 90 | **94** | **7** | 12 | 13% | 1% |
| 2,1 Austurbær | 442 | 0 | 2 | 0 | 4 | 79 | **85** | **10** | 20 | 19% | 2% |
| 2,2 Norðurmýri | 349 | 0 | 0 | 0 | 1 | 19 | **20** | **1** | 3 | 6% | 0% |
| 2,3 Hlíðar | 316 | 1 | 1 | 0 | 1 | 65 | **68** | **5** | 17 | 22% | 2% |
| 3,1 Laugarnes | 291 | 2 | 1 | 1 | 1 | 43 | **48** | **7** | 12 | 16% | 2% |
| 3,2 Laugaráshverfi | 378 | 0 | 0 | 1 | 4 | 33 | **38** | **13** | 15 | 10% | 3% |
| 3,3 Heimar - Vogar | 240 | 1 | 0 | 0 | 3 | 36 | **40** | **6** | 10 | 17% | 3% |
| 4,1 Háaleiti | 173 | 0 | 0 | 0 | 3 | 45 | **48** | **9** | 9 | 28% | 5% |
| 4,2 Bústaðahverfi | 419 | 0 | 0 | 0 | 0 | 38 | **38** | **5** | 5 | 9% | 1% |
| 4,3 Fossvogur | 213 | 0 | 1 | 0 | 3 | 28 | **32** | **7** | 6 | 15% | 3% |
| 5,1 Ártúnsholt | 88 | 1 | 0 | 1 | 4 | 13 | **19** | **8** | 4 | 22% | 9% |
| 5,2 Árbær | 298 | 1 | 0 | 2 | 8 | 38 | **49** | **17** | 11 | 16% | 6% |
| 5,3 Seláshverfi | 251 | 0 | 0 | 0 | 2 | 36 | **38** | **6** | 9 | 15% | 2% |
| 6,1 Breiðholt I | 311 | 0 | 0 | 2 | 2 | 42 | **46** | **7** | 4 | 15% | 2% |
| 6,2 Breiðholt III | 635 | 1 | 2 | 2 | 2 | 63 | **70** | **9** | 19 | 11% | 1% |
| 6,3 Breiðholt II | 573 | 1 | 1 | 6 | 33 | 57 | **98** | **24** | 24 | 17% | 4% |
| 7,1 Hamrahverfi | 157 | 0 | 0 | 1 | 0 | 11 | **12** | **2** | 4 | 8% | 1% |
| 7,2 Foldahverfi | 191 | 1 | 1 | 0 | 9 | 29 | **40** | **17** | 10 | 21% | 9% |
| 7,3 Húsahverfi | 156 | 0 | 0 | 0 | 5 | 21 | **26** | **9** | 7 | 17% | 6% |
| 8,1 Rimahverfi | 399 | 1 | 0 | 0 | 14 | 48 | **63** | **18** | 12 | 16% | 5% |
| 8,2 Engjahverfi | 178 | 0 | 0 | 0 | 4 | 18 | **22** | **7** | 4 | 12% | 4% |
| 8,3 Víkurhverfi | 176 | 0 | 0 | 0 | 8 | 20 | **28** | **16** | 12 | 16% | 9% |
| 8,4 Borgarhverfi | 197 | 0 | 0 | 0 | 14 | 25 | **39** | **16** | 8 | 20% | 8% |
| 8,5 Staðahverfi | 143 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | **0** | **3** | 0 | 0% | 2% |
| 9.1 Grafarholt-vestra | 173 | 0 | 1 | 0 | 8 | 32 | **41** | **16** | 10 | 24% | 9% |
| 9.2 Grafarholt-eystra | 59 | | | | | | | | | 0% | 0% |
| 11,2 Kjalarnes | 79 | 0 | 0 | 0 | 4 | 5 | **9** | **6** | 4 | 11% | 8% |
| Óstaðsettir | 14 | | | | | | **0** | | | 0% | 0% |
| **Alls** | **7999** | **10** | **11** | **18** | **140** | **977** | **1156** | **259** | **256** | **14%** | **3%** |

* Í fyrri ársskýrslum hafa tölur um börn á skrá um leikskólapláss miðast við börn 1 árs og eldri sem og umsóknir um heilsdags og hálfsdagspláss eftir hverfum. Í töflunni eru nú einnig gefnar upp tölur um fjölda barna 18 mánaða og eldri sem eru á skrá um leikskólapláss. Miðað er við börn sem urðu 18 mánaða 1. september 2003.

ÞJÓNUSTA

## Leikskólarými í desember 2003

| Hverfi | Íbúar des.00 | Börn 0-5 ára | Hlutfall barna | Leikskólar 8-9 st. Heiti | Rými | Leikskólar 4 - 6 st. Heiti | Rými | Rými samtals | Hlutfall 0-5 ára | Hlutfall m.v. 18 mán |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Vesturb. N** | **5.918** | 441 | 7,5% | Drafnarborg | 32 | Drafnarborg | 4 | | | |
| | | | | Dvergasteinn | 60 | Dvergasteinn | 5 | | | |
| | | | | Tjarnarborg | 44 | Tjarnarborg | 1 | | | |
| | | | | Öldukot | 42 | Öldukot | 0 | **188** | **43%** | **57%** |
| **Vesturb. S** | **10.073** | 906 | 9,0% | Grandaborg | 61 | Grandaborg | 3 | | | |
| | | | | Gullborg | 79 | Gullborg | 2 | | | |
| | | | | Hagaborg | 98 | Hagaborg | 1 | | | |
| | | | | Leikgarður | 67 | Leikgarður | 1 | | | |
| | | | | Mánagarður | 58 | Mánagarður | 5 | | | |
| | | | | Mýri | 40 | Mýri | 2 | | | |
| | | | | Sæborg | 79 | Sæborg | 4 | | | |
| | | | | Vesturborg | 69 | Vesturborg | 3 | | | |
| | | | | Ægisborg | 77 | Ægisborg | 5 | **654** | **72%** | **96%** |
| **Austurbær** | **8.012** | 559 | 7,0% | Barónsborg | 34 | Barónsborg | 0 | | | |
| | | | | Grænaborg | 80 | Grænaborg | 1 | | | |
| | | | | Laufásborg | 97 | Laufásborg | 3 | | | |
| | | | | Njálsborg | 45 | Njálsborg | 4 | | | |
| | | | | Lindarborg | 54 | Lindarborg | 11 | **329** | **59%** | **78%** |
| **Norðurmýri** | **6.102** | 430 | 7,0% | Nóaborg | 63 | Nóaborg | 4 | | | |
| | | | | Stakkaborg | 76 | Stakkaborg | 1 | | | |
| | | | | Klambrar | 84 | Klambrar | 6 | **234** | **54%** | **73%** |
| **Hlíðar** | **4.562** | 380 | 8,3% | Hamraborg | 78 | Hamraborg | 12 | | | |
| | | | | Hlíðaborg | 47 | Hlíðaborg | 4 | | | |
| | | | | Sólbakki | 36 | Sólbakki | 0 | | | |
| | | | | Sólborg | 65 | Sólborg | 9 | | | |
| | | | | Sólhlíð | 84 | Sólhlíð | 8 | **343** | **90%** | **120%** |
| **Laugarnes** | **4.548** | 368 | 8,1% | Hof | 98 | Hof | 13 | | | |
| | | | | Laugaborg | 94 | Laugaborg | 8 | | | |
| | | | | Lækjarborg | 58 | Lækjarborg | 7 | **278** | **76%** | **101%** |
| **Áshverfi** | **5.448** | 456 | 8,4% | Ásborg | 106 | Ásborg | 22 | | | |
| | | | | Brákarborg | 44 | Brákarborg | 11 | | | |
| | | | | Hlíðarendi | 24 | Hlíðarendi | 0 | **207** | **45%** | **61%** |
| **Langholt** | **3.707** | 296 | 8,0% | Holtaborg | 60 | Holtaborg | 7 | | | |
| | | | | Steinahlíð | 28 | Steinahlíð | 4 | | | |
| | | | | Sunnuborg | 86 | Sunnuborg | 5 | **190** | **64%** | **86%** |
| **Háaleiti** | **2.914** | 212 | 7,3% | Álftaborg | 53 | Álftaborg | 10 | | | |
| | | | | Múlaborg | 72 | Múlaborg | 11 | **146** | **69%** | **92%** |
| **Bústaðahverfi** | **7.062** | 501 | 7,1% | Austurborg | 92 | Austurborg | 2 | | | |
| | | | | Garðaborg | 47 | Garðaborg | 8 | | | |
| | | | | Jörfi | 90 | Jörfi | 17 | **256** | **51%** | **68%** |
| **Fossvogur** | **3.828** | 246 | 6,4% | Furuborg | 61 | Furuborg | 7 | | | |
| | | | | Kvistaborg | 63 | Kvistaborg | 6 | | | |
| | | | | Skógarborg | 32 | Skógarborg | 0 | **169** | **69%** | **92%** |
| **Ártúnsholt** | **1.648** | 107 | 6,5% | Kvarnarborg | 56 | Kvarnarborg | 11 | **67** | **63%** | **83%** |
| **Árbær** | **4.055** | 354 | 8,7% | Árborg | 62 | Árborg | 3 | | | |
| | | | | Rofaborg | 75 | Rofaborg | 10 | **150** | **42%** | **56%** |
| **Selás** | **2.891** | 304 | 10,5% | Blásalir | 82 | Blásalir | 10 | | | |
| | | | | Heiðarborg | 71 | Heiðarborg | 20 | | | |
| | | | | Rauðaborg | 55 | Rauðaborg | 14 | **252** | **83%** | **111%** |
| **Breiðholt I** | **3.879** | 370 | 9,5% | Arnarborg | 61 | Arnarborg | 11 | | | |
| | | | | Bakkaborg | 105 | Bakkaborg | 17 | | | |
| | | | | Fálkaborg | 62 | Fálkaborg | 3 | **259** | **70%** | **93%** |
| **Breiðholt lll** | **8.947** | 757 | 8,5% | Fellaborg | 49 | Fellaborg | 5 | | | |
| | | | | Hólaborg | 57 | Hólaborg | 22 | | | |
| | | | | Hraunborg | 63 | Hraunborg | 12 | | | |
| | | | | Suðurborg | 107 | Suðurborg | 23 | | | |
| | | | | Völvuborg | 47 | Völvuborg | 13 | | | |
| | | | | Ösp | 50 | Ösp | 11 | **459** | **61%** | **81%** |
| **Breiðholt ll** | **8.327** | 666 | 8,0% | Hálsaborg | 51 | Hálsaborg | 18 | | | |
| | | | | Hálsakot | 46 | Hálsakot | 10 | | | |
| | | | | Jöklaborg | 97 | Jöklaborg | 20 | | | |
| | | | | Seljaborg | 54 | Seljaborg | 9 | | | |
| | | | | Seljakot | 53 | Seljakot | 9 | **367** | **55%** | **73%** |
| **Hamrahverfi** | **2.287** | 183 | 8,0% | Klettaborg | 55 | Klettaborg | 14 | **69** | **38%** | **50%** |
| **Foldahverfi** | **3.578** | 242 | 6,8% | Foldaborg | 59 | Foldaborg | 11 | | | |
| | | | | Foldakot | 38 | Foldakot | 16 | | | |
| | | | | Funaborg | 51 | Funaborg | 4 | **179** | **74%** | **99%** |
| **Húsahverfi** | **2.148** | 186 | 8,7% | Brekkuborg | 76 | Brekkuborg | 11 | | | |
| | | | | Sjónarhóll | 63 | Sjónarhóll | 2 | **152** | **82%** | **109%** |
| **Rimahverfi** | **3.737** | 468 | 12,5% | Fífuborg | 75 | Fífuborg | 13 | | | |
| | | | | Laufskálar | 78 | Laufskálar | 16 | | | |
| | | | | Lyngheimar | 74 | Lyngheimar | 25 | **281** | **60%** | **80%** |
| **Engjahverfi** | **1.885** | 206 | 10,9% | Engjaborg | 78 | Engjaborg | 9 | **87** | **42%** | **56%** |
| **Víkurhverfi** | **1.407** | 217 | 15,4% | Hamrar | 100 | Hamrar | 15 | **115** | **53%** | **71%** |
| **Borgarhverfi** | **1.641** | 228 | 13,9% | Hulduheimar | 82 | Hulduheimar | 13 | **95** | **42%** | **56%** |
| **Staðahverfi** | **1.270** | 168 | 13,2% | Bakki | 32 | Bakki | 6 | **38** | **23%** | **30%** |
| **Grafarholt, V** | **1.612** | 206 | 12,8% | Þorláksgeisli | | Þorláksgeisli | | | | |
| **Grafarholt, A** | **534** | 68 | 12,7% | Maríuborg | 101 | Maríuborg | 15 | **116** | **42%** | **32%** |
| **Kjalarnes** | **291** | 27 | 9,3% | | | | | | | |
| **Grundarhverfi** | **507** | 60 | 11,8% | Kátakot | 23 | Kátakot | 16 | **39** | **45%** | **60%** |
| **Óhv.bundin** | **452** | 20 | 4,4% | | | | | | | |
| **Alls** | **113.270** | **9.632** | **8,5%** | | **5045** | | **674** | **5719** | **59%** | **79%** |

ÞJÓNUSTA

**Aldursskipting barna í leikskólum Reykjavíkurborgar um áramótin 2003-2004**

| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | Alls | Þar af 7-9 stundir | % Heilsdags |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Arnarborg | 17 | 20 | 15 | 17 | 3 | | 72 | 61 | 85% |
| Austurborg | 10 | 23 | 25 | 30 | 6 | | 94 | 92 | 98% |
| Álftaborg | 11 | 20 | 17 | 15 | 0 | | 63 | 53 | 84% |
| Árborg | 16 | 16 | 18 | 15 | 0 | | 65 | 62 | 95% |
| Ásborg | 29 | 30 | 33 | 35 | 1 | | 128 | 106 | 83% |
| Bakkaborg | 24 | 32 | 37 | 24 | 5 | | 122 | 105 | 86% |
| Bakki | 5 | 12 | 17 | 4 | 0 | | 38 | 32 | 84% |
| Blásalir | 34 | 13 | 22 | 21 | 2 | | 92 | 82 | 89% |
| Barónsborg | 7 | 9 | 3 | 11 | 4 | | 34 | 34 | 100% |
| Brákarborg | 24 | 11 | 14 | 4 | 2 | | 55 | 44 | 80% |
| Brekkuborg | 18 | 26 | 24 | 19 | 0 | | 87 | 76 | 87% |
| Drafnarborg | 5 | 7 | 8 | 15 | 1 | | 36 | 32 | 89% |
| Dvergasteinn | 15 | 14 | 27 | 9 | 0 | | 65 | 60 | 92% |
| Engjaborg | 22 | 19 | 27 | 17 | 2 | | 87 | 78 | 90% |
| Fálkaborg | 18 | 15 | 12 | 17 | 3 | | 65 | 62 | 95% |
| Fellaborg | 8 | 15 | 14 | 12 | 5 | | 54 | 49 | 91% |
| Fífuborg | 15 | 22 | 27 | 22 | 2 | | 88 | 75 | 85% |
| Foldaborg | 22 | 21 | 15 | 11 | 1 | | 70 | 59 | 84% |
| Foldakot | 16 | 12 | 14 | 12 | | | 54 | 38 | 70% |
| Funaborg | 16 | 10 | 8 | 21 | | | 55 | 51 | 93% |
| Furuborg | 14 | 10 | 20 | 23 | 1 | | 68 | 61 | 90% |
| Garðaborg | 17 | 12 | 13 | 13 | 0 | | 55 | 47 | 85% |
| Grandaborg | 12 | 20 | 12 | 16 | 4 | | 64 | 61 | 95% |
| Grænaborg | 22 | 21 | 21 | 15 | 2 | | 81 | 80 | 99% |
| Gullborg | 24 | 18 | 18 | 15 | 6 | | 81 | 79 | 98% |
| Hagaborg | 33 | 18 | 22 | 25 | 1 | | 99 | 98 | 99% |
| Hamrar | 41 | 34 | 24 | 13 | 3 | | 115 | 100 | 87% |
| Hamraborg | 23 | 21 | 15 | 26 | 5 | | 90 | 78 | 87% |
| Hálsaborg | 11 | 22 | 20 | 11 | 5 | | 69 | 51 | 74% |
| Hálsakot | 17 | 10 | 14 | 15 | | | 56 | 46 | 82% |
| Heiðarborg | 17 | 23 | 26 | 21 | 4 | | 91 | 71 | 78% |
| Hlíðarborg | 13 | 9 | 18 | 11 | | | 51 | 47 | 92% |
| Hlíðarendi | 0 | 0 | 6 | 11 | 7 | | 24 | 24 | 100% |
| Hof | 28 | 22 | 16 | 37 | 8 | | 111 | 98 | 88% |
| Holtaborg | 23 | 14 | 24 | 6 | | | 67 | 60 | 90% |
| Hólaborg | 22 | 23 | 13 | 17 | 4 | | 79 | 57 | 72% |
| Hraunborg | 29 | 13 | 16 | 17 | | | 75 | 63 | 84% |
| Hulduheimar | 29 | 31 | 27 | 8 | | | 95 | 82 | 86% |
| Jöklaborg | 29 | 32 | 41 | 11 | 4 | | 117 | 97 | 83% |
| Jörfi | 35 | 28 | 24 | 19 | 1 | | 107 | 90 | 84% |
| Kátakot | 12 | 9 | 13 | 5 | | | 39 | 23 | 59% |
| Klambrar | 8 | 19 | 44 | 17 | 2 | | 90 | 84 | 93% |
| Klettaborg | 24 | 19 | 17 | 9 | | | 69 | 55 | 80% |
| Kvarnarborg | 19 | 12 | 16 | 16 | 4 | | 67 | 56 | 84% |
| Kvistaborg | 23 | 19 | 14 | 13 | | | 69 | 63 | 91% |
| Laufásborg | 21 | 31 | 25 | 21 | 2 | | 100 | 97 | 97% |
| Laufskálar | 24 | 25 | 19 | 25 | 1 | | 94 | 78 | 83% |
| Laugaborg | 23 | 27 | 22 | 25 | 5 | | 102 | 94 | 92% |
| Leikgarður | 12 | 14 | 18 | 19 | 5 | | 68 | 67 | 99% |
| Lindarborg | 12 | 12 | 20 | 15 | 6 | | 65 | 54 | 83% |
| Lyngheimar | 28 | 26 | 23 | 22 | | | 99 | 74 | 75% |
| Lækjarborg | 20 | 15 | 13 | 15 | 2 | | 65 | 55 | 85% |
| Mánagarður | 7 | 11 | 24 | 17 | 4 | | 63 | 58 | 92% |
| Maríuborg | 31 | 27 | 33 | 22 | 3 | | 116 | 101 | 87% |
| Múlaborg | 15 | 25 | 19 | 21 | 3 | | 83 | 72 | 87% |
| Mýri | 5 | 17 | 7 | 4 | 9 | | 42 | 40 | 95% |
| Njálsborg | 8 | 12 | 13 | 10 | 6 | | 49 | 45 | 92% |
| Nóaborg | 19 | 17 | 11 | 18 | 2 | | 67 | 63 | 94% |
| Rauðaborg | 21 | 17 | 23 | 8 | | | 69 | 55 | 80% |
| Rofaborg | 24 | 19 | 29 | 13 | | | 85 | 75 | 88% |
| Seljaborg | 22 | 11 | 16 | 13 | 1 | | 63 | 54 | 86% |
| Seljakot | 13 | 22 | 13 | 14 | | | 62 | 53 | 85% |
| Sjónarhóll | 11 | 11 | 17 | 25 | 1 | | 65 | 63 | 97% |
| Skógarborg | 5 | 7 | 9 | 8 | 3 | | 32 | 32 | 100% |
| Sólbakki | 7 | 8 | 7 | 5 | 9 | | 36 | 36 | 100% |
| Sólborg | 9 | 20 | 20 | 16 | 9 | | 74 | 65 | 88% |
| Sólhlíð | 19 | 23 | 18 | 24 | 8 | | 92 | 84 | 91% |
| Stakkaborg | 16 | 17 | 20 | 19 | 5 | | 77 | 76 | 99% |
| Steinahlíð | 4 | 12 | 11 | 5 | | | 32 | 28 | 88% |
| Suðurborg | 24 | 26 | 30 | 33 | 16 | 1 | 130 | 107 | 82% |
| Sunnuborg | 19 | 19 | 38 | 14 | 1 | | 91 | 86 | 95% |
| Sæborg | 8 | 10 | 28 | 27 | 10 | | 83 | 79 | 95% |
| Tjarnarborg | 8 | 11 | 14 | 12 | | | 45 | 44 | 98% |
| Vesturborg | 11 | 18 | 16 | 17 | 10 | | 72 | 69 | 96% |
| Völvuborg | 15 | 13 | 10 | 17 | 5 | | 60 | 47 | 78% |
| Ægisborg | 8 | 13 | 24 | 24 | 13 | | 82 | 77 | 94% |
| Öldukot | 5 | 11 | 12 | 12 | 2 | | 42 | 42 | 100% |
| Ösp | 9 | 10 | 10 | 24 | 8 | | 61 | 50 | 82% |
| **Samtals** | **1.340** | **1.363** | **1.483** | **1.285** | **247** | **1** | **5.719** | **5.042** | **88%** |

# FAGSVIÐ



Fagsvið samanstendur af fjórum deildum þar sem meginverkefni eru starfsþróun, leikskólaráðgjöf, sálfræðiþjónusta og daggæsla barna í heimahúsum, auk þess sem starfsemi gæsluleikvalla tilheyrir sviðinu. Forstöðumaður fagsviðs hefur yfirumsjón með samhæfingu á sviðinu.

Í starfsþróunardeild störfuðu þrír starfsmenn auk deildarstjóra. Helstu verkefni voru framkvæmd starfsmannastefnu, fræðsla, undirbúningur ráðninga og skjala- og bókasafnsmál.

Í leikskóladeild störfuðu þrír leikskólaráðgjafar ásamt deildarstjóra, en þeir eru tengiliðir við leikskólana, ásamt því að sinna ráðgjöf og eftirliti.

Í ráðgjafar- og sálfræðideild störfuðu þrír sálfræðingar auk deildarstjóra, þrír leikskólasérkennarar og einn þroskaþjálfi. Deildin sér um frumgreiningar barna með þroskafrávik og ráðgjöf vegna sérkennslu í leikskólunum.

Í daggæsludeild starfaði deildarstjóri og tveir daggæsluráðgjafar sem sáu um eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum, undirbúning vegna nýrra og endurnýjaðra leyfa til daggæslu og ráðgjöf til dagforeldra og starfsmanna gæsluleikvalla.

Gróskumikið starf leikskólanna kom fram í ýmsum myndum eins og undanfarin ár. Frá árinu 1990 hefur leikskólaráð árlega samþykkt fjárveitingu í Þróunarsjóð Leikskóla Reykjavíkur og hafa leikskólarnir verið ötulir að vinna að þróunarverkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt. Það sýnir sig að verkefni sem unnin hafa verið á undanförnum árum hafa fest í sessi og eru fyrirmyndir fyrir aðra leikskóla. Má þar meðal annars nefna fjölmenningu, stærðfræði, eðlisfræði, heimspeki, umhverfismenntun, málörvun, listgreinar og myndsköpun svo nokkuð sé nefnt. Á síðasta ári bættist m.a. við nýtt verkefni sem fjallar um matsaðferðir leikskólans á leikskólastarfinu og byggir m.a. á því að börnin taka virkan þátt í að meta starfið. Markmiðið með þátttöku barnanna er að þeirra rödd heyrist í ríkara mæli en hingað til og þannig leggi þau sitt af mörkum til að gera gott leikskólastarf enn betra.

Leikskólar Reykjavíkur leggja áherslu á að hver leikskóli þrói sínar leiðir í sjálfsmati sem byggja á þeirri menningu og hefðum sem þar hafa þróast. Ýmsar matsaðferðir eru notaðar og meta leikskólarnir hver þeirra henti hverjum og einum. Þá má geta þess að sjálfsmatsaðferðin „Barnið í brennidepli“ er í þróun hjá Leikskólum Reykjavíkur og var það verkefni styrkt af Rannsóknarsjóði Leikskóla Reykjavíkur

Helstu áhersluþættir í starfsáætlun LR á árinu voru: heildtæk skólastefna og kennsla barna af erlendum uppruna sem leikskólarnir útfæra í skólanámskrám, formleg samvinna leikskóla og grunnskóla og að árlegt sjálfsmat komi fram í ársáætlun leikskólanna.

Þá var snemmtæk íhlutun einn af velgengnisþáttum ársins. Í tilefni árs fatlaðra samþykkti leikskólaráð styrk til ráðgjafar- og sálfræðideildar vegna þýðingar á matslista sem er tæki til að meta gæði þjónustu við börn með þroskafrávik eða fötlun.

## Breytingar á eftirliti vegna daggæslu í heimahúsum

Í júní 2003 samþykkti leikskólaráð tillögur nefndar sem ráðið skipaði til að endurskoða eftirlit og ráðgjöf vegna daggæslu barna í heimahúsum. Meginbreytingar sem í tillögunni fólust voru að aðskilja eftirlit og ráðgjöf. Ráðinn yrði utanaðkomandi aðili til að sinna eftirliti, en daggæsluráðgjafar sinna áfram ráðgjöf og stuðningi til dagforeldra. Undirbúningi lauk á árinu og mun nýtt fyrirkomulag sett í framkvæmd á næsta ári.

# Leikskólaráðgjöf

## Verksvið

Verksvið deildarinnar er að hafa ráðgjöf og eftirlit með öllum leikskólum sem reknir eru á vegum Reykjavíkurborgar. Í leikskóladeild störfuðu þrír leikskólaráðgjafar auk deildarstjóra. Leikskóladeild annast almenna leikskólaráðgjöf og er tengiliður milli skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur og leikskólanna. Borginni er skipt í þrjú hverfi auk Grafarvogs og hefur hver leikskólaráðgjafi umsjón með einu hverfi.

Fjölskyldumiðstöðin Miðgarður sinnir ráðgjöf við leikskóla í Grafarvogi í samvinnu við leikskóladeild. Auk þess hefur deildin eftirlit með starfsemi leikskóla sem reknir eru af öðrum aðilum. Deildarstjóri hefur yfirumsjón með starfi deildarinnar og er tengiliður við þær deildir borgarverkfræðings sem sinna viðhaldi og endurbótum á eldri leikskólum og leikskólalóðum. Þá tekur leikskóladeild þátt í undirbúningi og framkvæmd vegna fræðslu og símenntunar starfsfólks leikskóla í samvinnu við starfsþróunardeild.

## Leikskólar

Leikskólaráðgjafar veita ráðgjöf til leikskólastjóra, starfsmanna leikskóla og foreldra. Ráðgjöfin beinist að stjórnun, uppeldis- og menntastarfi leikskólans í heild, einstökum deildum eða hópum, auk samvinnu við starfsfólk og foreldra. Leikskólaráðgjafar sinna eftirlitshlutverki stofnunarinnar hvað varðar uppeldisstarfið í leikskólum og felst það í heimsóknum í leikskólana a.m.k tvisvar á ári. Að hausti í þeim tilgangi að fá yfirsýn yfir heildarstöðu leikskólans, s.s. starfsmannahald og nýtingu. Að vori er m.a. skilað niðurstöðum foreldrakönnunar, sem gerð er annað hvert ár fyrir hvern leikskóla. Aðrar heimsóknir leikskólaráðgjafa eru skipulagðar í samráði við og að ósk leikskólastjóra.

Starfsmenn deildarinnar sinna ýmsum öðrum sérverkefnum svo sem tengslum við aðrar stofnanir er sinna börnum á leikskólaaldri og við grunnskóla. Þeir eru ráðgefandi við hönnun nýrra leikskóla og endurbætur á eldri leikskólum. Leikskólaráðgjafar hafa eftirlit með starfsemi einkarekinna leikskóla í Reykjavík sem felst m.a í því að heimsækja leikskólana einu sinni á ári. Einnig veitir deildin ráðgjöf vegna umsókna um einkarekstur leikskóla og undirbúnings vegna leyfisveitinga.

## Ársáætlanir

Allir leikskólastjórar eru boðaðir í viðtal til leikskólaráðgjafa í janúar og febrúar þar sem m.a. er farið yfir ársáætlun leikskólans. Í henni kemur fram áhersla leikskólans í uppeldis- og menntastarfi, samvinna starfsmanna, samvinna við foreldra og mat á starfsemi undangengins árs. Skólaárið 2002 – 2003 skiluðu 83% leikskólanna ársáætlun, en 97% leikskóla skiluðu fyrir skólaárið 2003 – 2004.

**Skilun ársáætlana 2002–2003**




**Skilun ársáætlana 2003–2004**




FAGSVIÐ

FAGSVIÐ

## Námskrár

Í öllum leikskólum Reykjavíkurborgar er hafin vinna við gerð námskrár og í heildarskorkorti Leikskóla Reykjavíkur var markið sett á að 60% leikskóla skiluðu námskrá. Það náðist ekki alveg en í árslok 2003 hafði u.þ.b. helmingur leikskólanna skilað námskrá.

## Börn af erlendum uppruna

Um mánaðamótin nóvember og desember 2003 voru í leikskólum Reykjavíkur 506 börn af erlendum uppruna, af 80 þjóðernum og töluðu a.m.k. 54 mismunandi tungumál. Í 65% tilfella var annað foreldri barnanna íslenskt, en í 35% tilvika voru báðir foreldrarnir erlendir. Lögð er áhersla á að bjóða foreldrum barnanna túlkaþjónustu þegar þörf er á og að auka fræðslu og ráðgjöf til leikskólanna varðandi þennan hóp barna og foreldra. Leikskólar Reykjavíkur eiga fulltrúa í nefnd Reykjavíkurborgar um fjölmenningu og í samstarfshópi um málefni innflytjenda sem starfar í tengslum við Alþjóðahús. Í september var sett af stað tilraunaverkefni með þremur leikskólum í Fellahverfi. Tilgangur verkefnisins er að auka þekkingu og hæfni leikskólanna til að taka á móti sístækkandi hópi barna og foreldra af erlendum uppruna. Í nóvember var samþykkt í leikskólaráði að tilnefna leikskólann Garðaborg sem móttökuleikskóla fyrir börn hælisleitenda. Með því tekur leikskólinn að sér að taka á móti börnum hælisleitenda þegar þess gerist þörf. Börn sem tekin eru inn í leikskólann á þessum forsendum verða umfram fastan barnafjölda í leikskólanum. Leikskólinn mun afla sér þekkingar til að takast á við verkefnið. Hafinn var undirbúningur að endurskoðum fjölmenningarstefnu Leikskóla Reykjavíkur. Kolbrún Vigfúsdóttir leikskólaráðgjafi hefur það hlutverk að sjá um málaflokkinn.



Leikskólanemi í Dvergasteini.

## Sögumenn í leikskólanum

Í október 2003 var sett af stað verkefni sem nefnist *Sögumenn í leikskólanum*. Það eru Berglind Agnarsdóttir leikskólastjóri og Ásmundur Örnólfsson aðstoðarleikskólastjóri sem gera tilraun með að efla sögumenningu í leikskólum með því að þjálfa starfsfólk eins leikskóla í að segja sögur frá eigin brjósti.

## Vetrarhátíð

Leikskólar Reykjavíkur tóku þátt í vetrarhátíð laugardaginn 1. mars 2003. Samtals tóku 20 leikskólar þátt í atriði sem nefndist *Þjóðsögur á þvottasnúrum*. Elstu börnin í leikskólunum völdu sér þjóðsögu til að vinna með og teiknuðu myndir sem hengdar voru á snúrur sem strengdar voru vítt og breitt um Austurvöll að morgni 1. mars.

## Samstarf við Þjóðminjasafn

Í september og október 2003 unnu fimm leikskólastarfsmenn ásamt starfsmanni Þjóðminjasafns að hugmyndum varðandi hugsanlegt skipulag á barnastarfi í Þjóðminjasafninu í framtíðinni. Fram kom hugmynd um að á hverju ári verði fjögurra ára börnum í leikskólum boðið í heimsókn í Þjóðminjasafnið þar sem þau fái fræðslu við hæfi um ákveðið tímabili í sögu landsins. Starfsmenn Þjóðminjasafns munu útfæra þessar hugmyndir.



Leikskólanemi í Dvergasteini.

## Viðhorfskönnun meðal foreldra leikskólabarna

Leikskólar Reykjavíkur gera viðhorfskönnun á meðal foreldra leikskólabarna á hverju ári. Markmið könnunarinnar er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra til leikskólans í því skyni að þær nýtist við sjálfsmat leikskólanna og efli samstarf og samskipti við foreldra. Viðhorfskannanir fóru fram í 37 leikskólum hjá Leikskólum Reykjavíkur árið 2003 og var svörun foreldra rúmlega 60%. Niðurstaðan var almennt mjög jákvæð og má nefna að um 83% foreldra voru ánægðir með þjónustu leikskólanna og um 87% voru ánægðir með viðmót starfsmannanna. Í báðum þessum velgengnisþáttum hafði markmiðið verið sett á 80% svo að niðurstöðurnar eru vel ásættanlegar.

## Aukin samþætting leikskóla og grunnskóla

Á fundi borgarstjórnar 20. júní 2002 var samþykkt að beina því til borgarráðs að fela starfshópi, skipuðum fulltrúum frá leikskólaráði og fræðsluráði, að vinna tillögur um aukna samþættingu leikskóla og grunnskóla. Starfshópurinn skilaði tillögum í september 2003.

Leikskólabörn í Lindarborg.



## Hjálpfús

Vorið 2003 óskaði Rauði kross Íslands eftir samstarfi við leikskóladeild til þess að útbúa kennsluefni fyrir leikskólabörn um hjálparstarf Rauða krossins. Tilgangur Rauða krossins var fyrst og fremst að útbúa fræðandi og skemmtilegt kennsluefni um Rauða krossinn og hinar ýmsu leiðir sem hann fer til þess að hjálpa og láta gott af sér leiða. Námsefnið „Hjálpfús heimsækir leikskólann" er ætlað elstu árgöngum leikskólans. Um er að ræða sex sögur sem sagðar eru af Rauða kross drengnum Hjálpfúsi (fingurbrúðu). Til þess notar Hjálpfús ýmis hjálpargögn.

Markmið verkefnisins er að kenna nemendum hversu mikilvægt það er að rétta hjálparhönd þegar eitthvað bjátar á. Á þann hátt vill Rauði krossinn leggja áherslu á að börn:

- skilji mikilvægi vináttu
- læri að setja sig í spor annarra
- læri að taka tillit til fólks burtséð frá útliti, uppruna eða skoðunum
- fái innsýn í kjör barna í öðrum löndum
- læri að hjálpa og gefa af tíma sínum til bágstaddra.

Samstarfið hefur gengið vel og árangurinn er að mati leikskóladeildar góður. Hjálpfús er að okkar mati skemmtilegur strákur með góðan málstað og settur fram á þann hátt að hann nær vel til barnanna.

Kennsluefnið hefur verið sent út í nokkra leikskóla á höfuðborgarsvæðinu til reynslu, þar sem það verður kynnt og metið af börnum og leikskólakennurum. Rauði krossinn mun síðan kynna kennsluefnið enn frekar leikskólum um allt land.



Leikskólanemi í Foldakoti.

## Comeniusarverkefni í leikskólum

Comenius er evrópskt skólasamstarf sem styrkt er af Evrópusambandinu og nær til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Verkefnin fela í sér þróun eða rannsóknir á einstaka þáttum í leikskólastarfi, þar sem bornar eru saman og skoðaðar aðferðir í leikskólauppeldi mismunandi landa. Slík samvinna eykur víðsýni og þekkingu þátttakenda og stuðlar að nýjungum í starfi leikskólanna. Í dag eru fimm leikskólar þátttakendur í samstarfi við ýmsar þjóðir í Evrópu, en þeir eru: Brekkuborg, Hamraborg, Klambrar, Mýri og Jöklaborg. Þátttökuleikskólar í Evrópu eru m.a. í Írlandi, Skotlandi, Noregi, Finnlandi, Búlgaríu, Spáni, Ítalíu og Austurríki.

Leikskólarnir eru í virku tölvusambandi þar sem fram kemur það helsta sem verið er að vinna að í vikunni. Með fréttunum fylgja gjarnan myndir af börnunum í leik og starfi. Auk þess hafa starfsmenn skipst á heimsóknum og dvalið nokkra daga í þátttökuleikskólunum.

Leikskólinn Jöklaborg fékk það hlutverk í júní sl. að halda lokafund þeirra fjögurra leikskóla sem þá höfðu verið í samstarfi undanfarin þrjú ár. Af því tilefni voru fulltrúar þátttökuskólanna mættir auk fjölda annarra góðra gesta. Verkefni leikskólanna voru kynnt og börnin í Jöklaborg sýndu leikþáttinn *Geiturnar þrjár,* en hann tengdist þemanu sem þátttökuleikskólarnir unnu að þá um veturinn.

## Tónleikar fyrir elstu börnin

Elstu börnin í leikskólunum fengu boð á tónleika frá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á efnisskránni var tónverkið *Pétur og úlfurinn* eftir Serge Prokoffieff. Hljómsveitarstjóri var Bernharður Wilkinson og sögumaður Stefán Karl Stefánsson.

## Menningar- og listasjóður

Megintilgangur sjóðsins er að efla þátttöku leikskólabarna í menningar- og listviðburðum. Heildarupphæð sjóðsins fyrir árið 2003 var 1,4 milljónir króna og fengu alls 57 leikskólar úthlutun. Helstu verkefni sem nutu styrkja úr sjóðnum voru leik- og leikbrúðusýningar og ýmis hátíðahöld leikskólanna.

## Námsstyrkjasjóður

Markmið sjóðsins er að styrkja starfsmenn leikskóla til þátttöku í ráðstefnum og námsferðum erlendis. Styrkurinn er veittur starfsmönnum sem hafa starfað hjá Reykjavíkurborg í a.m.k. fimm ár og eru í starfi þegar úthlutun fer fram.

Úthlutað var til 169 einstaklinga á árinu 2003 og í allt voru það 18 leikskólar sem sóttu um styrk til náms- og kynnisferða erlendis til 7 landa. Skýrslur frá viðkomandi leikskólum liggja frammi á bókasafni Leikskóla Reykjavíkur og á heimasíðu Leikskóla Reykjavíkur.

## Þróunarsjóður Leikskóla Reykjavíkur

Þróunarsjóður veitir árlega styrk til þróunarstarfs í leikskólum Reykjavíkurborgar. Um þróunarstyrkinn geta sótt einstakir leikskólar, starfsmannahópar, leikskólakennarar og aðrir fagmenn á sviði leikskólamála. Deildarstjóri leikskóladeildar er starfsmaður sjóðsins, en í sjóðsstjórn eru Kristín Karlsdóttir, KHÍ og Marta Sigurðardóttir, FL. Níu umsóknir bárust sjóðnum árið 2003.

Eftirtalin verkefni hlutu styrk: Leikskólinn Hof vegna verkefnisins *Þróa aðferðir til að láta börnin meta leikskólastarfið,* leikskólinn Jörfi vegna verkefnisins *Þróa aðferðir til að efla tilfinningatjáningu,* leikskólinn Lækjarborg vegna verkefnisins *Fjölmenningarsamfélag í leikskóla,* leikskólinn Steinahlíð vegna verkefnisins *Að börn og starfsfólk umgangist umhverfi sitt af virðingu og alúð,* leikskólinn Sæborg vegna verkefnisins *Sýning á verkum barna í Sæborg,* Sigrún Kristjánsdóttir og Þórhalla Guðmundsdóttir vegna verkefnisins *Heildstæð atferlisþjálfun fyrir börn með einhverfu í leikskólum.*

## Rannsóknarsjóður:

Úthlutað var úr sjóðnum í annað sinn. Tvær umsóknir bárust og fengu báðar styrk. Hildur Skarphéðinsdóttir fyrir verkefnið „Hvernig nýtist sjálfsmatsaðferðin *Barnið í brennidepli í starfsemi leikskóla“* og Svala Jónsdóttir fyrir verkefnið *Margmiðlunardiskar um myndlist fyrir börn og kennsluleiðbeiningar fyrir kennara.*

Leikskólabörn í Dvergasteini.



# *Starfsþróunardeild*

## Verksvið

Hlutverk starfsþróunardeildar er að hafa umsjón með verkefnum er tilheyra starfsmanna- og fræðslustefnu stofnunarinnar. Um er að ræða stefnumótandi verkefni og ráðgjöf á sviði starfsmannastjórnunar. Starfsþróunardeild hefur umsjón með innleiðingu á samhæfðu árangursmati, auk innleiðingar á nýju starfsmanna- og launakerfi. Umsjón með viðhorfskönnunum meðal starfsmanna fer fram á deildinni. Skjala- og bókasafn stofnunarinnar er staðsett á starfsþróunardeild. Á starfsþróunardeild starfa fjórir starfsmenn.

## Ráðning nýrra starfsmanna

Greining á þörf fyrir nýráðningar byggir á upplýsingum frá stjórnendum. Lausar stöður eru ávallt auglýstar á Netinu og ákveðnar stöður í dagblöðum.

Stór hluti starfsumsókna berst skrifstofu rafrænt í gegnum Netið þar sem fram fer greining áður en þær eru sendar í þá leikskóla sem auglýst hafa eftir starfsfólki. Leikskólastjórar ganga frá ráðningum í sínum leikskóla.

Á síðasta ári bárust yfir 3000 umsóknir um störf sem er nær helmings fjölgun frá árinu áður.

## Móttaka nýrra starfsmanna

Haldin voru fjögur 8 kennslustunda löng nýliðanámskeið fyrir starfsmenn Eflingar þar sem áhersla er lögð á að kynna hæfniskröfur, starfsumhverfi og starfsaðferðir leikskóla. Jafnframt var ein móttaka og kynning á starfsemi Leikskóla Reykjavíkur fyrir nýráðið fagfólk, þ.e. leikskólakennara og aðra starfsmenn með háskólamenntun.

## Símenntun – starfsþróun

Skipulag fræðslumála byggir á ítarlegri þarfagreiningu allra starfsmanna, með tilliti til þekkingar, hæfni í daglegu starfi og þeirrar starfsþróunar sem áætluð er. Fræðslugreiningin byggir á markmiðum sem starfsmenn setja sér og koma fram í árlegum starfsviðtölum. Auk þess sem fylgst er með því sem er að gerast í uppeldismálum innan lands og erlendis.

Unnið var að gerð Námsvísis vorið 2003. Lögð var áhersla á að bjóða upp á námskeið sem tengjast námssviðum Aðalnámskrár leikskóla og verklagi stofnunarinnar. Í ágúst var Námsvísirinn gefinn út og afhentur starfsmönnum og stjórnendum. Sú fræðsla sem stofnunin býður upp á og kemur fram í Námsvísi stendur starfsmönnum til boða endurgjaldslaust. Unnin var fræðsluáætlun fyrir hvern leikskóla þar sem fram kom þátttaka starfsmanna í þeirri fræðslu sem í boði var.

Átaksverkefni í fræðslu árið 2003 voru tölvunámskeið og var boðið upp á samtals 20 tölvunámskeið í Windows, Word, Excel, Internet og tölvupósti og stafrænni myndbandavinnslu.

**Yfirlit yfir fræðsluflokka árið 2003**

| Námskeið | Fjöldi námskeiða | Fjöldi þátttakenda | Fjöldi kennslustunda |
|---|---|---|---|
| Almenn námskeið og fyrirlestrar | 33 | 902 | 132 |
| Nýliðanámskeið | 5 | 98 | 40 |
| Fræðslufundir | 11 | 203 | 33 |
| Fagnámskeið | 2 | 117 | 170 |
| Stjórnendanámskeið | 13 | 347 | 56 |
| Námskeið fyrir starfsfólk eldhúsa | 5 | 91 | 8 |
| Námskeiðsdagur | 1 | 1700 | 8 |
| Tölvunámskeið | 20 | 256 | 152 |
| **Samtals** | **90** | **3714** | **599** |



## Símenntun – nám með vinnu

Leikskólar Reykjavíkur hafa stuðlað að því á undanförnum árum að starfsmönnum sem hafa starfað í 3 ár eða lengur gefist tækifæri á að stunda fjarnám í leikskólafræðum og halda launum meðan á staðbundnum lotum stendur. Árið 2003 voru samtals 22 starfsmenn í fjarnámi á leikskólakennarabraut og 16 í diplomanámi á sömu braut í Kennaraháskóla Íslands.

Námsárið 2003-2004 voru 14 starfsmenn stofnunarinnar í launuðu námsleyfi og stunduðu flestir þeirra nám við Kennaraháskóla Íslands.

## Viðhorfskönnun starfsmanna 2003

Í október 2003 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal starfsmanna Leikskóla Reykjavíkur. Könnunin var gerð í þeim tilgangi að meta árangur starfsmannastefnu og markmiða í skorkorti 2003, auk þess að fá álit starfsfólks á ýmsum þáttum í vinnuumhverfinu. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að rúmlega 90% starfsmanna voru mjög eða frekar ánægðir með starf sitt og 85% töldu starfsandann mjög eða frekar góðan. Helsta óánægja starfsfólks birtist í óánægju með laun. Einnig kom fram að starfsfólk leikskóla upplifir mikið andlegt álag í starfi sínu. Á heildina litið voru niðurstöður könnunarinnar ánægjulegar.

## Viðhorfskönnun leikskólastjóra 2003

Í desember 2003 var gerð viðhorfskönnun meðal leikskólastjóra Leikskóla Reykjavíkur. Könnunin var rafræn, þ.e. leikskólastjórar fengu hana senda á tölvutæku formi. Framkvæmdin tókst vel og svöruðu 73 af þeim 74 leikskólastjórum sem fengu könnunina senda. Ekki hefur áður verið gerð sérstök könnun fyrir stjórnendur hjá stofnuninni, en ástæða þótti til þess nú vegna þess hve ólíkt starf þeirra er störfum annarra starfsmanna. Auk þess var könnuð afstaða leikskólastjóra til ýmissa þátta sem tengjast starfsmannastjórnun. Könnunin leiddi í ljós að 96% leikskólastjóra voru mjög eða frekar ánægðir í starfi sínu og töldu 97% leikskólastjóra hæfni sína vel nýtta í starfinu. Helsta óánægja leikskólastjóra birtist í óánægju með laun, líkt og hjá öðrum starfsmönnum.

## Átaksverkefni – heilsuefling á vinnustað

Áfram var unnið að verkefninu „Heilsuefling á vinnustað“ og bættust 20 nýir leikskólar við á árinu og þeir leikskólar nýttu námskeiðsdag sinn fyrir þá fræðslu sem tengist verkefninu. Í lok ársins 2003 hafði um helmingur leikskóla tekið þátt í heilsueflingarátakinu.

Jafnhliða var lögð áhersla á fræðslu á sviði heilsueflingar, m.a. námskeið til að auka þekkingu starfsmanna á líkamsvitund og líkamsbeitingu og fræðslu á nýliðanámskeiðum. Fram kom í viðhorfskönnun starfsmanna 2003 að um 81% starfsmanna töldu sig hafa þekkingu á réttri líkamsbeitingu í starfi.

## Samhæft árangursmat (Balanced scorecard)

Áfram var unnið að innleiðingu á samhæfðu árangursmati á árinu 2003. Á fyrstu mánuðum ársins var unnið að stefnukorti fyrir Leikskóla Reykjavíkur sem var samþykkt í júní 2003 og í kjölfarið lögð drög að mælikvörðum fyrir skorkort og stefnukort 2004. Fræðsla um samhæft árangursmat beindist fyrst og fremst að stjórnendum og lagður var grunnur að undirbúningi fyrir stefnukort fyrir einstaka leikskóla. Þær viðhorfskannanir sem gerðar voru á árinu höfðu það að leiðarljósi að meta árangur af þeim markmiðum sem sett voru í skorkorti 2003.

## Skjalastjórnun

Öll skjöl Leikskóla Reykjavíkur eru skráð og skönnuð í GoPro skjalavistunarkerfi. Þar með eru virk skjöl stofnunarinnar aðgengileg starfsfólki á miðlægu, rafrænu formi, en markmiðið með skjalastjórnunarkerfi er m.a. að skjölin finnist hratt og örugglega og séu aðgengileg öllum starfsmönnum sem á þurfa að halda.

Unnið hefur verið að þróun sérlausna í GoPro skjalastjórnunarkerfinu fyrir ráðgjafar- og sálfræðideild og daggæsluráðgjafa.

Skjalastjóri tekur þátt í starfi samstarfshóps Reykjavíkurborgar um GoPro skjalastjórnunarkerfið og skjalamál. Fundir eru haldnir mánaðarlega. Auk þess funda skjalastjórar innan Sambands íslenskra sveitarfélaga tvisvar á ári.

## Bókasafn

Bækur, tímarit og skýrslur eru skráð í Metrabók sem er skráningarkefi fyrir bókasöfn. Safnkostur bókasafnsins er rúmlega 3000 bindi bóka, auk þess sem rúmlega 70 tímarit og fréttabréf berast safninu reglulega. Einnig eru á skrá á safninu milli 40-50 myndbönd. Bókasafnið þjónar öllum starfsmönnum Leikskóla Reykjavíkur.

Á bókasafninu er aðstoðað við leit að fagefni á bókasafni og í gagnagrunnum. Einnig er aðstoðað við aðra upplýsingaöflun, auk textagerðar. Uppfærsla heimasíðunnar fer að hluta til fram á bókasafninu.

# Sálfræðiþjónusta

## Starfsmenn

Á ráðgjafar- og sálfræðideild störfuðu á árinu 2003 fjórir sálfræðingar, þrír leikskólasérkennarar og einn þroskaþjálfi. Deildin keypti þjónustu af talmeinafræðingum sem starfa hjá Talþjálfun Reykjavíkur.

## Verksvið

### *Ráðgjöf og frumgreining*

Meginverkefni deildarinnar eru frumgreining á þroskafrávikum barna, eftirfylgd og fagleg ráðgjöf við starfsfólk í leikskólum. Einnig veitir deildin foreldrum ráðgjöf varðandi börn með sérþarfir. Ráðgjöfin beinist að fyrirkomulagi og tilhögun stuðnings og sérkennslu í leikskólanum, uppeldisráðgjöf til foreldra og samvinnu heimilis og skóla. Mjög mikilvægur þáttur í starfinu er regluleg eftirfylgd og endurmat á kennslu og sérkennslu barna í leikskólanum. Þá er einnig veitt ráðgjöf í starfsmannamálum. Leikskólar og foreldrafélög leita töluvert til deildarinnar eftir fræðslu og hefur verið reynt að koma til móts við þær óskir.

FAGSVIÐ

## Sérhæfing

Til að mæta betur nútímalegum vinnubrögðum í tengslum við kennslu og þjálfun barna með sérþarfir, þá hefur deildin lagt mikla áherslu á sérhæfingu starfsfólks í ákveðnum fötlunum/þroskafrávikum. Þannig gerum við reykvískum leikskólabörnum með fatlanir/þroskafrávik betur kleift að njóta stöðugt vaxandi sérþekkingar á sviði fötlunar og þroskafrávika. Á undanförnum árum hefur mikil sérþekking safnast saman innan deildarinnar á fötlunum og þroskafrávikum, s.s. einhverfu, hreyfihömlun, þroskahömlun og ofvirkni/athyglisbresti.

## Snemmtæk íhlutun

Þjónusta við börn með sérþarfir í leikskólum Reykjavíkur tekur mið af hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar (early intervention). En snemmtæk íhlutun er skilgreind sem þjónusta við börn með sérþarfir undir sex ára aldri sem hefur það að markmiði að draga úr áhrifum þroskavandamála og fötlunar hjá börnum. Það sem einkennir þessa þjónustu er áhersla á markviss og skipulögð vinnubrögð í kennslu og þjálfun barnsins, sem byggir á traustum vísindalegum grunni.

## Þróunarverkefni og rannsóknir

Haldið var áfram með þróunarverkefni í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins um heildstæða atferlisíhlutun fyrir börn með einhverfu. Verkefnið hefur m.a. það markmið að byggja upp þekkingu og reynslu innan Leikskóla Reykjavíkur á aðferðum atferlisíhlutunar fyrir börn með einhverfu.

Fulltrúi ráðgjafar- og sálfræðideildar tekur þátt í rannsókn í samvinnu við Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands á menntun nemenda með þroskahömlun í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla á Íslandi 2002 – 2003 að beiðni Landssamtakanna Þroskahjálp.

Í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var unnið að þýðingu og staðfærslu á The Early Intervention Services Assessment Scale (EISAS) með sérstöku leyfi aðalhöfundar. En spurningalistinn er hannaður í þeim tilgangi að meta gæði snemmtækrar íhlutunar fyrir ung börn með þroskafrávik og fjölskyldur þeirra. Leikskólaráð og félagsmálaráðuneytið veittu hvort um sig 300 þúsund króna styrk til verkefnisins.

## Leikfangasafn

Á árinu tók Emilía Rafnsdóttir leikskólakennari að sér umsjón leikfangasafnsins. Þjónusta safnsins felst í útlánum á sérkennslugögnum, að veita ráðgjöf og fylgjast með nýjungum í sérkennslu yngri barna. Leikfangasafnið er opið alla miðvikudaga.

## Umsóknir um forgang í leikskóla

Deildarstjóri ráðgjafar- og sálfræðideildar leiðir innritunarteymi sem fjallar um umsóknir um forgangsvistanir barna inn í leikskóla. Í teyminu sitja einnig ráðgjafi frá ráðgjafar- og sálfræðideild, deildarstjóri leikskóladeildar, deildarstjóri þjónustu- og upplýsingadeildar og innritunarfulltrúar. Fundir eru haldnir aðra hverja viku á þriðjudögum. Fjallað var um 128 erindi vegna óska um forgangsvistanir og var forgangur samþykktur fyrir 90 börn (70% umsókna). Forgangsóskir eru metnar eftir sérstökum viðmiðunarreglum.



Leikskólabörn í Foldakoti.

## Sérkennsla

Leikskólar Reykjavíkur veita verulegu fjármagni til sérkennslu leikskólabarna í leikskólum og er deildarstjóri ráðgjafar- og sálfræðideildar ábyrgur gagnvart framkvæmdastjóra um meðferð og hefur endanlegt ákvörðunarvald um útdeilingu þess. Við úthlutun á stuðningstímum er unnið eftir reglum sem voru samþykktar af leikskólaráði 1998. Reglurnar byggja á fimm flokkum og í hverjum flokki er lágmarks og hámarks tímafjöldi. Fyrstu þrír flokkarnir eru fyrir fötluð börn, fjórði flokkurinn er fyrir ofvirk börn og börn sem eiga við félags- og tilfinningaerfiðleika að stríða. Fimmti flokkurinn er ætlaður fyrir úthlutun stuðningstíma á tiltekna deild eða leikskóla. Með þessum reglum er verið að koma til móts við sérþarfir barna bæði fatlaðra og barna sem ekki flokkast undir það að vera fötluð en þurfa engu að síður stuðning til lengri eða skemmri tíma.



## Samvinna

Ráðgjafar- og sálfræðideildin á nána samvinnu við ákveðnar tengslastofnanir, svo sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, greiningarteymi Miðstöðvar heilsuverndar barna, Barna- og unglingageðdeild, Félagsþjónustuna í Reykjavík, Barnavernd Reykjavíkur, auk fjölda barnalækna, til þess að geta vísað í frekari athuganir og greiningar. Deildin fær fjölmargar beiðnir um eftirfylgd og sálfræðilegar athuganir frá stofnunum og læknum. Greiningarteymi Miðstöðvar heilsuverndar barna óskaði t.d. eftir eftirfylgd og endurmati vegna 77 barna á árinu. Unnið er eftir sérstökum samskiptareglum við starfsmenn barnaverndarnefndar Félagsþjónustunnar. Samskiptareglurnar tóku ákveðnum breytingum í kjölfar nýrra barnaverndarlaga sem samþykkt voru af Alþingi 2002.

**Meðaltal fjölda stuðningstíma á dag sem börn (1. og 2. fl.) hafa, auk yfirlits yfir hversu lengi á dag börnin dvelja að meðaltali í leikskólanum.**

| | Meðaltal á dag | Vistunartími (meðaltal) |
|---|---|---|
| 1. fl. | 6,4 klst | 7,7 t/dag |
| 2. fl | 3,3 klst | 7,9 t/dag |
| 5. fl. | 3,3 klst | |

**Börn í 1. og 2. stuðningsflokki skiptast þannig eftir fötlunarflokkum:**

| Fötlunarflokkar | Fjöldi | (hlutfall) |
|---|---|---|
| Gagntækar þroskaraskanir | 35 | (23%) |
| Þroskahömlun | 43 | (28%) |
| Hreyfihömlun | 23 | (15%) |
| Málhömlun | 34 | (23%) |
| Sjón- og heyrnarskerðing | 16 | (11%) |
| **Samtals** | **151** | |

## Tölulegar upplýsingar

**Fjöldi þeirra barna, sem nutu stuðnings og sérkennslu í leikskólum á árinu.**

| | Fjöldi barna |
|---|---|
| 1. fl. Börn sem þurfa verulega aðstoð eða gæslu vegna alvarlegrar fötlunar | 29 |
| 2. fl. Börn sem þurfa reglulega aðstoð vegna miðlungs þroskahömlunar | 122 |
| 3. fl. Börn sem þurfa töluverða aðstoð vegna vægrar þroskahömlunar | |
| 4. fl. Börn sem þurfa tímabundið aðstoð v. ofvirkni, félags- og tilfinningaerfiðleika | |
| 5. fl. Stuðningstímar ætlaðir tímabundið á deild. Alls 23 deildir fengu stuðning á árinu. | |
| **Samtals:** | **151** |

Frá árinu 2000 fær hver leikskóli ákveðið fjármagn í hlutfalli við stærð leikskólans til að mæta sérþörfum barna sem falla undir 3. og 4. fl. Nákvæmt yfirlit yfir fjölda þessara barna liggur ekki fyrir.

FAGSVIÐ

# Daggæsla barna í heimahúsum

Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi atvinnurekendur. Hlutverk Leikskóla Reykjavíkur er að veita leyfi fyrir slíkum rekstri. Leyfisveitingar til daggæslu í heimahúsum eru samkvæmt reglugerð félagsmálaráðuneytis nr. 198/1992.
Daggæsluráðgjafar undirbúa leyfisveitingar og veita ráðgjöf til dagmæðra og foreldra barna í daggæslu. Daggæsluráðgjafar veita upplýsingar um laus pláss hjá dagmæðrum og fyrirkomulag niðurgreiðslna. Einnig má finna upplýsingar um laus pláss hjá dagmæðrum á vef Leikskóla Reykjavíkur www.leikskolar.is Eftirlit með starfseminni felst í reglulegum heimsóknum tvisvar á ári. Á reynslutíma er eftirlit tíðara og einnig ef upp koma athugasemdir frá foreldrum vegna þjónustu dagmæðra.

## Fræðslustarf

Á árinu var 70 stunda grunnnámskeið haldið tvisvar, í apríl og nóvember. Námskeiðið er haldið fyrir nýja dagforeldra í samvinnu við Námsflokka Reykjavíkur. Slysavarnanámskeið voru haldin tvisvar á árinu, að vori og hausti í tengslum við endurnýjun leyfa. Skilyrði fyrir endurnýjun daggæsluleyfis er þátttaka í slysavarnanámskeiði þriðja hvert ár.
Fræðslufundur var haldinn í Gerðubergi í nóvember sem bar yfirskriftina *Þroski og þroskafrávik*. Fyrirlesari var Helgi Hjartarson, sálfræðingur og deildarstjóri ráðgjafar- og sálfræðideildar Leikskóla Reykjavíkur.

## Leikfangasafn

Leikfangasafn fyrir dagforeldra í Reykjavík er rekið af Leikskólum Reykjavíkur. Markmiðið er að veita ráðgjöf um notagildi leikfanga og að gefa dagmæðrum kost á að fá leigð þroskandi leikföng. Safnið er opið einu sinni í mánuði þar sem dagmæður fá lánuð leikföng einn mánuð í senn.

## Leyfi til daggæslu

Ný leyfi til daggæslu veitt á árinu voru 13, þar af 2 í Grafarvogi.

## Fjöldi dagmæðra og barna

Í árslok 2003 voru 193 dagforeldrar starfandi í Reykjavík, þar af 37 í Grafarvogi. Undanþáguleyfi (ömmu og au-pair leyfi) voru 25 á árinu á móti 33 árið 2002.
Í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkurborgar voru 32 dagforeldrar með börn sem eiga lögheimili í Reykjavík og greiddi Reykjavíkurborg niður daggæslugjöld fyrir þau börn. Samtals voru 889 börn í daggæslu í heimahúsum um áramót 2003 á móti 986 börnum árið 2002.

## Niðurgreiðslur á árinu

Niðurgreiðslur á árinu 2003 voru krónur 157 milljónir, en til samanburðar voru niðurgreiðslur á árinu 2002 krónur 180 milljónir.

### Fjöldi dagforeldra eftir hverfum í Reykjavík

| Hverfi | Fjöldi dagforeldra |
|---|---|
| 101 | 14 |
| 104 | 25 |
| 105 | 19 |
| 107 | 6 |
| 108 | 29 |
| 109 | 29 |
| 110 | 20 |
| 111 | 12 |
| 112 | 37 |
| 116 | 2 |
| **Samtals** | **193** |

### Aldursskipting 889 barna hjá dagforeldrum

| Fæðingarár | Fjöldi |
|---|---|
| 1998 | 4 |
| 1999 | 3 |
| 2000 | 8 |
| 2001 | 77 |
| 2002 | 642 |
| 2003 | 155 |
| **Samtals** | **889** |

| Lengd vistunartíma á dag | Fjöldi barna |
|---|---|
| 4 klst. | 42 |
| 5 klst. | 37 |
| 6 klst. | 91 |
| 7 klst. | 56 |
| 8 klst. | 318 |
| 9 klst. | 345 |
| **Samtals** | **889** |

# Gæsluleikvellir

Fyrstu tvo mánuði ársins voru starfræktir 14 gæsluleikvellir. Þann 1. mars var gæsluleikvöllunum við Fannafold og Ljósheima lokað. Þær breytingar urðu í ágúst samkvæmt samkomulagi Leikskóla Reykjavíkur og Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur að Íþrótta- og tómstundaráð tók yfir gæsluleikvöllinn við Hlaðhamra fyrir frístundaheimili við Hamraskóla. Einnig urðu breytingar í Frostaskjóli sem fólu í sér að fyrir hádegi eða fram til kl. 13.30 var starfræktur gæsluleikvöllur með hefðbundnum hætti en eftir þann tíma var gæsluleikvöllurinn nýttur fyrir frístundaheimili Grandaskóla.

Á árinu voru heimsóknir alls 39 þúsund. Þann 1. desember var gjaldskrá breytt þannig að hætt var að selja afsláttarkort og gjald fyrir staka heimsókn lækkað úr kr. 300 í kr. 100. Gjald greitt með afsláttarkorti var kr. 200.

Auk fastráðinna starfsmanna kom lausráðið starfsfólk til starfa yfir sumartímann og hópar frá Vinnuskólanum komu til starfa eins og undanfarin sumur.

Brúðubíllinn undir stjórn Helgu Stephensen heimsótti vellina með leiksýningar.

## Fræðsla

Árlegur fræðsludagur var haldinn í Gerðubergi og einnig sóttu starfsmenn ýmis námskeið á vegum Leikskóla Reykjavíkur.

| Gæsluleikvellir | Forstöðumenn |
|---|---|
| Arnarbakki 8 | Elsa Eyjólfsdóttir |
| Brekkuhús 3 | Sigrún Pálsdóttir |
| Fannafold 56, til 1. mars | Hafdís Sigurðardóttir |
| Fífusel 38 | Þóra Guðmundsdóttir |
| Frostaskjól 24, samv. við ÍTR | Sigríður Kristjánsdóttir |
| Fróðengi 2 | Svandís Hallsdóttir |
| Hamravík 12 | S. Laufey Jónsdóttir |
| Hlaðhamrar 52, til 15. ágúst | Kristjana Guðmundsdóttir |
| Ljósheimar 13, til 1. mars | Hildur Ólafsdóttir |
| Malarás 17 | Guðrún Guðjónsdóttir |
| Njálsgata 89 | Elín Björk Albertsdóttir |
| Rauðilækur 21A | Guðrún Ásmundsdóttir |
| Safamýri 30 | Guðný Einarsdóttir |
| Vesturberg 76 | Guðrún Kristjánsdóttir og Vigdís Helgadóttir frá 15. september |

FAGSVIÐ

**Yfirlit yfir barnafjölda á gæsluleikvöllum Reykjavíkur á árunum 1991-2003:**

| | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Arnarbakki | 8.430 | 11.147 | 11.083 | 9.349 | 11.641 | 10.546 | 9.819 | 11.345 | 11.217 | 10.103 | 10.140 | 7.115 | 5.349 |
| Barðavogur | 3.226 | 4.029 | 4.801 | 6.265 | 5.383 | 6.289 | 4.852 | 5.612 | 4.455 | 3.681 | 2.987 | | |
| Bleikjukvísl | 6.176 | 6.549 | 5.451 | 5.555 | 5.214 | 4.015 | 3.156 | 3.378 | 2.885 | 852 | | | |
| Brekkuhús | | 1.617 | 9.957 | 11.945 | 10.958 | 10.337 | 8.208 | 7.568 | 7.916 | 8.044 | 5.218 | 3.537 | 3.002 |
| Dalaland | 5.164 | 5.138 | 5.527 | 6.076 | 5.099 | 3.812 | 3.468 | 3.050 | 2.512 | | | | |
| Dunhagi | 2.788 | 4.424 | 4.367 | 4.494 | 5.033 | 3.659 | 2.011 | 1.808 | 1.633 | | | | |
| Fannafold | 14.551 | 16.909 | 13.163 | 10.065 | 9.211 | 10.082 | 6.804 | 6.774 | 5.602 | 4.986 | 4.007 | 2.687 | 85 |
| Fífusel | 7.386 | 6.048 | 6.398 | 6.624 | 7.383 | 7.070 | 5.203 | 7.046 | 7.014 | 8.407 | 6.962 | 3.409 | 2.436 |
| Freyjugata | 6.936 | 8.201 | 7.530 | 8.542 | 8.081 | 6.970 | 5.434 | 4.466 | 5.371 | 5.848 | 3.710 | | |
| Frostaskjól | 10.504 | 10.606 | 8.161 | 8.462 | 7.823 | 6.245 | 5.296 | 4.117 | 3.929 | 4.615 | 4.282 | 4.746 | 3.406 |
| Fróðengi | | | | | | 1.986 | 12.531 | 12.618 | 11.980 | 11.872 | 8.653 | 5.656 | 3.107 |
| Gullteigur | 4.729 | 6.002 | 4.378 | 4.966 | 2.135 | | | | | | | | |
| Hamravík 12 | | | | | | | | | | 352 | 5965 | 5.698 | 4.139 |
| Háteigsvegur | 554 | 815 | | | | | | | | | | | |
| Hlaðhamrar | | | | 8.796 | 10.324 | 11.838 | 9.941 | 9.448 | 8.052 | 8.240 | 6.581 | 5.731 | 3.415 |
| Hvassaleiti | 2.296 | 2.365 | 3.285 | 2.342 | | | | | | | | | |
| Iðufell | 3.031 | 2.550 | 2.922 | 3.617 | 2.687 | 310 | | | | | | | |
| Kambsvöllur | 2.292 | 2.377 | 1.739 | 3.253 | 4.289 | 3.242 | 3.407 | 3.134 | 2.197 | 4.930 | 2.644 | | |
| Ljósheimar | 7.562 | 6.575 | 5.694 | 5.683 | 5.328 | 5.669 | 5.663 | 5.491 | 5.042 | 5.028 | 3.585 | 4.257 | 133 |
| Malarás | 10.861 | 11.509 | 10.741 | 7.803 | 8.183 | 6.051 | 5.712 | 5.993 | 5.656 | 5.520 | 5.266 | 5.472 | 3.261 |
| Njálsgata | 4.937 | 9.339 | 13.806 | 10.306 | 7.343 | 7.707 | 6.654 | 5.296 | 5.389 | 5.149 | 4.089 | 3.755 | 2.742 |
| Rauðilækur | 9.335 | 9.298 | 9.812 | 9.577 | 9.532 | 8.909 | 5.661 | 5.590 | 7.101 | 5.916 | 5.401 | 4.131 | 2.671 |
| Rofabær | 4.325 | 6.715 | 6.668 | 7.286 | 5.996 | 4.377 | 4.421 | 6.358 | 4.986 | 4.849 | 2.399 | | |
| Rofabær 2 | | | | | | | | | | | | | |
| Safamýri | 9.354 | 10.124 | 9.812 | 9.989 | 9.481 | 7.628 | 6.392 | 5.876 | 5.164 | 4.101 | 4.857 | 3.823 | 3.425 |
| Stakkahlíð | 13.622 | 11.493 | 10.328 | 8.683 | 6.321 | 5.969 | 3.537 | 3.531 | 3.305 | 2.535 | | | |
| Suðurhólar | 6.774 | 7.442 | 6.096 | 4.723 | 4.473 | 440 | | | | | | | |
| Sæviðarsund | 4.893 | 4.762 | 5.168 | 6.218 | 4.350 | 3.820 | 2.273 | 2.188 | 2.559 | 3.317 | | | |
| Tungusel | 3.282 | 3.181 | 3.738 | 3.220 | 2.744 | 433 | | | | | | | |
| Tunguvegur | 6.973 | 6.930 | 5.744 | 7.767 | 7.215 | 6.349 | 2.864 | 2.670 | 2.506 | 5.918 | 2.788 | | |
| Vesturberg | 9.566 | 7.660 | 7.543 | 7.510 | 5.746 | 8.050 | 5.770 | 6.796 | 5.086 | 4.320 | 6.206 | 3.415 | 1.887 |
| Vesturgata | 6.907 | 6.314 | 7.619 | 4.498 | 4.576 | 6.319 | 5.145 | 3.929 | 4.520 | 2.217 | 4.890 | | |
| Yrsufell | 3.376 | 3.611 | 3.560 | 3.732 | 3.925 | 2.919 | 2.152 | 3.464 | 3.701 | | | | |
| **SAMTALS** | **179.830** | **193.730** | **195.091** | **197.346** | **180.474** | **161.041** | **136.374** | **137.546** | **129.778** | **120.800** | **100.630** | **63.432** | **39.058** |

# STARFSFÓLK Á SKRIFSTOFU

*Leikskóla Reykjavíkur í maí 2004*

STARFSFÓLK Á SKRIFSTOFU

| | |
|---|---|
| Bergur Felixson, framkvæmdastjóri | bergurf@leikskolar.is |

**Rekstrarsvið**

| | |
|---|---|
| Elísabet Kemp, móttökuritari | elisabet@leikskolar.is |
| Erlen Óladóttir, móttökuritari | afgr2@leikskolar.is |
| Garðar Jóhannsson, skrifstofustjóri | gardarj@leikskolar.is |
| Guðríður Eiríksdóttir, bókari | gudridur@leikskolar.is |
| Hallur Símonarson, fjárreiðustjóri | hallur@leikskolar.is |
| Hafdís Guðmundsdóttir, bókari | hafdisg@leikskolar.is |
| Helga Gunnarsdóttir, innheimtufulltrúi | helgag@leikskolar.is |
| Helga Herbertsdóttir, innritunarfulltrúi | helgaherb@leikskolar.is |
| Hjörtur Heiðdal, tæknimaður | hjh@leikskolar.is |
| Laura Bergs, ritari | laura@leikskolar.is |
| Linda Björk Elíasdóttir, innheimtufulltrúi | lindael@leikskolar.is |
| Linda Björk Helgadóttir, innheimtufulltrúi | lindahe@leikskolar.is |
| Linda Björk Þormóðsdóttir, kerfisstjóri | lindath@leikskolar.is |
| Margrét Rader, launafulltrúi | margretr@leikskolar.is |
| Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, fjármálastjóri | ragnhildure@leikskolar.is |
| Ragnhildur Bogadóttir, launafulltrúi | ragnhildurb@leikskolar.is |
| Sigurrós Halldórsdóttir, launafulltrúi | sigurros@leikskolar.is |
| Steinunn Hjartardóttir, þjónustustjóri | steinunnh@leikskolar.is |
| Þórdís Þórisdóttir, þjónustufulltrúi | thordisth@leikskolar.is |

**Fagsvið**

| | |
|---|---|
| Anna Hermannsdóttir, starfsþróunarstjóri | annah@leikskolar.is |
| Arna Björk Birgisdóttir, sálfræðingur | arnab@leikskolar.is |
| Arndís Þorsteinsdóttir, sálfræðingur | arndisth@leikskolar.is |
| Ásrún Guðmundsdóttir, leikskólasérkennari | asrun@leikskolar.is |
| Bergljót Björg Guðmundsdóttir, leikskólasérkennari | bergljot@leikskolar.is |
| Björg Ingþórsdóttir, daggæsluráðgjafi | bjorgi@leikskolar.is |
| Borgar Ævar Axelsson, starfsráðgjafi | borgara@leikskolar.is |
| Dröfn Guðmundsdóttir, fræðslustjóri | drofng@leikskolar.is |
| Emilía Rafnsdóttir, daggæsluráðgjafi | emilia@leikskolar.is |
| Guðrún Dóra Harðardóttir, talmeinafræðingur | gudrunh@leikskolar.is |
| Helgi Hjartarson, yfirsálfræðingur | helgih@leikskolar.is |
| Hildur Skarphéðinsdóttir, deildarstjóri | hildurs@leikskolar.is |
| Ingibjörg Eyfells, leikskólaráðgjafi | ingibjorge@leikskolar.is |
| Ingveldur H. Björnsdóttir, leikskólaráðgjafi | ingveldurb@leikskolar.is |
| Jakobína Sveinsdóttir, bókasafns- og upplýsingafulltrúi | jakobinas@leikskolar.is |
| Kolbrún Björnsdóttir, sálfræðingur | kolbrunb@leikskolar.is |
| Kolbrún Vigfúsdóttir, leikskólaráðgjafi | kolbrunv@leikskolar.is |
| Margrét Vallý Jóhannsdóttir, forstöðumaður fagsviðs | vally@leikskolar.is |
| Sigríður Marteinsdóttir, daggæsluráðgjafi | sigga@leikskolar.is |
| Sigrún Einarsdóttir, leikskólaráðgjafi | sigrunei@leikskolar.is |
| Sigrún Kristjánsdóttir, þroskaþjálfi | sigrunk@leikskolar.is |
| Þórhalla Guðmundsdóttir, leikskólasérkennari | thorhalla@leikskolar.is |

# LEIKSKÓLAR Í REYKJAVÍK



**Arnarborg**
Maríubakka 1, sími 557-3090.
Leikskólastjóri er Hildur Gísladóttir

**Austurborg**
Háaleitisbraut 70, sími 553-8545.
Leikskólastjóri er Guðrún Gunnarsdóttir.

**Álftaborg**
Safamýri 32, sími 581-2488.
Leikskólastjóri er Berglind Agnarsdóttir.

**Árborg**
Hlaðbæ 17, sími 587-4150.
Leikskólastjóri er Sigríður Þórðardóttir.

**Ásborg**
Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
Leikskólastjóri er Jóna Elín Pétursdóttir í leyfi 2003.
Afleysing Elfa Dís Austmann Jóhannsdóttir.

**Bakkaborg**
Blöndubakka 2, sími 557-1240, fax 557-1245.
Leikskólastjóri er Elín Erna Steinarsdóttir.

**Bakki**
Bakkastöðum 77, sími 557 9271
Leikskólastjóri er Ingibjörg E. Jónsdóttir.

**Barónsborg**
Njálsgötu 70, sími 551-0196.
Leikskólastjóri er Sjöfn Ólafsdóttir.

**Blásalir**
Brekknaás 4, sími 557-9720, fax 557-5920.
Leikskólastjóri er Margrét Elíasdóttir.

**Brákarborg**
við Brákarsund, sími 553-4748.
Leikskólastjóri er Anna María Sverrisdóttir.
Helga Ingvasdóttir frá ágúst.

**Brekkuborg**
Hlíðarhús 1, sími 567-9380, fax 567-9383.
Leikskólastjóri er Guðrún Samúelsdóttir.

**Drafnarborg**
við Drafnarstíg, sími 552-3727.
Leikskólastjóri er Elín Guðjónsdóttir.

**Dvergasteinn**
við Seljaveg, sími 551-6312.
Leikskólastjóri er Elín Mjöll Jónasdóttir.

**Engjaborg**
Reyrengi 11, sími 587-9130
Leikskólastjóri er Valborg H. Guðlaugsdóttir

**Fálkaborg**
Fálkabakka 9, sími 557-8230.
Leikskólastjóri er Jónína Lárusdóttir.

**Fellaborg**
Völvufelli 9, sími 557-2660.
Leikskólastjóri Sigrún Ásta Gunnlaugsdóttir.

**Fífuborg**
Fífurima 13, sími 587-4515.
Leikskólastjóri er Elín Ásgrímsdóttir.

**Foldaborg**
Frostafold 33, sími 567-3138.
Leikskólastjóri er Guðbjörg Guðjónsdóttir.

**Foldakot**
Logafold 18, sími 587-3077.
Leikskólastjóri er Guðrún Sólveig Vignisdóttir.

**Funaborg**
Funafold 42, sími 587-9160.
Leikskólastjóri er Sigríður Jónsdóttir.

**Furuborg**
við Áland, sími 553-1835.
Leikskólastjóri er Sigþrúður Sigurþórsdóttir.

**Garðaborg**
Bústaðavegi 81, sími 553-9680.
Leikskólstjóri er Kristín Einarsdóttir.

**Grandaborg**
Boðagranda 9, sími 562-1855.
Leikskólastjóri er Guðrún María Harðardóttir

**Grænaborg**
Eiríksgötu 2, sími 551-4470.
Leikskólastjóri er Gerður Sif Hauksdóttir.

**Gullborg**
Rekagranda 14, sími 562-2455.
Leikskólastjóri er Rannveig Bjarnadóttir.

LEIKSKÓLAR Í REYKJAVÍK

**Hagaborg**
Fornhaga 8, sími 551-0268.
Leikskólastjóri er Sigríður Sigurðardóttir.

**Hamraborg**
Grænuhlíð 24, sími 553-6905.
Leikskólastjóri er Bryndís Stefánsdóttir.

**Hamrar**
Hamravík 12, sími 577-1240.
Leikskólastjóri er Erna Jónsdóttir.

**Hálsaborg**
Hálsaseli 27, sími 557-8360.
Leikskólastjóri er Ólöf Helga Pálmadóttir.

**Hálsakot**
Hálsaseli 29, sími 557-7275.
Leikskólastjóri er Inga Dóra Jónsdóttir.

**Heiðarborg**
Selásbraut 56, sími 557-7350.
Leikskólastjóri er Emilía Möller.

**Hlíðaborg**
v/ Eskihlíð, sími 552-0096.
Leikskólastjóri er Sigríður Hjaltested

**Hlíðarendi**
Laugarásvegi 77, sími 553-7911.
Leikskólastjóri er Jóhanna Þorsteinsdóttir.
Ingibjörg Brynjarsdóttir frá ágúst.

**Hof**
Gullteigi 19, sími 553-9995.
Leikskólastjóri er Sigrún Sigurðardóttir.

**Holtaborg**
Sólheimum 21, sími 553-1440.
Leikskólastjóri er Guðbjörg Guðmundsdóttir.
Elfa Dís Austmann Jóhannsdóttir frá september

**Hólaborg**
Suðurhólum 21, sími 557-6140.
Leikskólastjórar eru Ásta Jónsdóttir
og Inga K. Guðmundsdóttir.

**Hraunborg**
Hraunbergi 12, sími 557-9770.
Leikskólastjóri er Sigurborg Sveinbjörnsdóttir.

**Hulduheimar**
við Vættaborgir, sími 586-1870.
Leikskólastjóri er Bryndís Markúsdóttir.

**Jörfi**
við Hæðargarð, sími 553-0345.
Leikskólastjóri er Sæunn E. Karlsdóttir.

**Jöklaborg**
Jöklaseli 4, sími 557-1099.
Leikskólastjóri er Anna Bára Pétursdóttir.

**Klambrar**
Háteigsvegi 33, sími 511-1125.
Leikskólastjóri er Ingibjörg Kristleifsdóttir.

**Kátakot**
Fólkvangi, sími 566-6039.
Leikskólastjóri er Steinunn Geirdal.

**Klettaborg**
Dyrhömrum 5, sími 567-5970.
Leikskólastjóri er Lilja Eyþórsdóttir.

**Kvarnarborg**
Árkvörn 4, sími 567-3199.
Leikskólastjóri er Sigrún Baldursdóttir.

**Kvistaborg**
Kvistalandi 26, sími 553-0311.
Leikskólastjóri er Helga Hallgrímsdóttir.

**Laufskálar**
Laufrima 9, sími 587-1140.
Leikskólastjóri er Lilja Björk Ólafsdóttir.

**Laufásborg**
Laufásvegi 53 - 55, sími 551-7219.
Leikskólastjóri er Sólrún Ólafsdóttir.
Afleysing Matthildur L. Hermannsdóttir frá júlí

**Laugaborg**
við Leirulæk, sími 553-1325.
Leikskólastjóri er Helga Alexandersdóttir.

**Leikgarður**
Eggertsgötu 12-14, sími 551-9619
Leikskólastjóri er Sólveig Sigurjónsdóttir.

**Lindarborg**
Lindargötu 26, sími 551-5390.
Leikskólastjóri er Ragnheiður Halldórsdóttir.

**Lækjaborg**
við Leirulæk, sími 568-6351.
Leikskólastjóri er Svala Ingvarsdóttir.

**Lyngheimar**
við Mururima, sími 567-0277.
Leikskólastjóri er Júlíana Hilmisdóttir.

## LEIKSKÓLAR Í REYKJAVÍK

**Maríuborg**
Maríubaug 3, sími 577-1125.
Leikskólastjóri er Guðný Hjálmarsdóttir.

**Mánagarður**
Eggertsgötu 34, sími 562-3340.
Leikskólastjóri er Kolbrún Harðardóttir.

**Múlaborg**
Ármúla 8a, sími 568-5154.
Leikskólastjóri er Arndís Bjarnadóttir.
Rebekka Jónsdóttir, afleysing.

**Mýri**
Skerplugötu 1, sími 562-5044.
Leikskólastjóri er Unnur Jónsdóttir.

**Njálsborg**
Njálsgötu 9, sími 551-4860.
Leikskólastjóri er Hallfríður Hrólfsdóttir.
Edda Margrét Jensdóttir frá ágúst.

**Nóaborg**
Stangarholti 11, sími 562-9595.
Leikskólastjóri er Anna Margrét Ólafsdóttir.

**Rofaborg**
Skólabæ 6, sími 567-2290.
Leikskólastjóri er Þórunn Gyða Björnsdóttir.

**Rauðaborg**
Viðarási 9, sími 567-2185.
Leikskólastjóri er Ásta Birna Stefánsdóttir.

**Seljaborg**
Tunguseli 2, sími 557-6680.
Leikskólastjóri er Ágústa Amalía Friðriksdóttir.

**Seljakot**
Rangárseli 15, sími 557-2350.
Leikskólastjóri er Sigríður K. Jónsdóttir.

**Sjónarhóll**
við Völundarhús, sími 567-8585.
Leikskólastjóri er Bergljót Jóhannsdóttir.

**Skógarborg**
við Áland, sími 553-1805.
Leikskólastjórar eru Sigrún Ingþórsdóttir og Olga Guðmundsdóttir.

**Sólbakki**
Vatnsmýrarvegi 32, sími 552-2725.
Leikskólastjóri er Sigfríður L. Marinósdóttir.

**Sólhlíð**
við Engihlíð, sími 551-4870.
Leikskólastjóri er Elísabet Auðunsdóttir.

**Sólborg**
Vesturhlíð 1, sími 551-5380.
Leikskólastjóri er Jónína Konráðsdóttir.

**Stakkaborg**
Bólstaðarhlíð 38, sími 553-9070.
Leikskólastjóri er Ólafía B. Davíðsdóttir.

**Steinahlíð**
Suðurlandsbraut, sími 553-3280.
Leikskólastjóri er Steinunn Jónsdóttir.

**Suðurborg**
Suðurhólum 19, sími 557-3023.
Leikskólastjóri er Elínborg Þorláksdóttir.

**Sunnuborg**
Sólheimum 19, sími 553-6385.
Leikskólastjóri er Hrefna Sigurðardóttir.

**Sæborg**
Starhaga 11, sími 562-3664.
Leikskólastjóri er Soffía Þorsteinsdóttir.

**Tjarnarborg**
Tjarnargötu 33, sími 551-5798.
Leikskólastjóri er Hulda Ásgeirsdóttir.

**Vesturborg**
Hagamel 55, sími 552-2438.
Leikskólastjóri er Íris Edda Arnardóttir.

**Völvuborg**
Völvufelli 7, sími 557-3040.
Leikskólastjóri er Regína Viggósdóttir

**Ægisborg**
Ægisíðu 104, sími 551-4810.
Leikskólastjóri er Kristjana Thorarensen.

**Öldukot**
við Öldugötu, sími 551-4881.
Leikskólastjóri er Svana Kristinsdóttir.
Freyja Kristjánsdóttir frá september.

**Ösp**
Iðufelli 16, sími 557-6989.
Leikskólastjóri er Svanhildur Hákonardóttir.

Leikskólar Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, sími 563 5800, fax 563 5809, www.leikskolar.is